

# MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA

www.mosfellingur.is



6. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 13. MAÍ 2021 • DREIFT EFTIR ÖLLI Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

KALEO og UMFA í einstakt samstarf

## GOTT AÐ GETA GEFID TIL BAKA

Hljómsveitin KALEO hefur keypt auglýsingapláss framán á keppnistreyjum Aftureldingar og gert tveggja ára tímamótasamning við knattspyrnudeild karla.

Mosfellingarnir í KALEO hafa farið sigurför um heiminn eftir að þeir fluttu fyrst til Bandaríkjanna fyrir sex árum til að einbeita sér að tónlistinni.

Platan þeirra, Surface Sounds, er nýkomin út og verður henni fylgt eftir með þriggja ára heimstúr þegar heimsfaraldurinn er yfirstaðinn. Jökull Júlíusson situr fyrir svörum í Mosfellingi í dag. »12



JÖKULL ER STOLTUR MOSFELLINGUR OG SEGIR ÞAÐ HEIÐUR AÐ STARFA MEÐ UPPELDISFÉLAGINU

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



### Blikahöfði - Góð staðsetning

Falleg 100,3 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð með stórra afgirtri timburverönd á 1. hæð ásamt 27,6 m<sup>2</sup> bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús. Sérgeymsla í kjallara. Bílskúrin er með geymsluloftri. Stór afgirt timburverönd í suðvestur. Vinsæl staðsetning. Eignin er skráð 127,9 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 91,6 m<sup>2</sup>, geymsla 8,7 m<sup>2</sup> og bílskúr 27,6 m<sup>2</sup>. **V. 64,9 m.**



Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

## Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a  
Mosfellsbæ



N1 ALLA LEIÐ

Mosfellingurinn Pétur Pétursson sölustjóri og mjólkurfræðingur

## Jökla á markað í dag – breytir mjólk í vín »24



RÉTTINGAVERKSTÆÐI

## Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR



**Útgefandi:** Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

**Ritstjórn:**

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.

**Prófkörk:** Ingibjörg Valsdóttir

ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 3. júní

## Fallegt samstarf

Það er falleg hugsun á bakvið nýjasta styrktarsamning Aftureldingar og KALEO. Skemmtilegt að sjá bæjarhljómsveitina okkar, sem er



búin að meika það, styðja við bakið á ungmennafélaginu. Auk þess sem þetta er algjörlega einstakt á heimsvísu að hljómsveit kaupi auglýsingu á fót-boltatrejgur. Það verður líka gaman að sjá Jökul klæðast Aftureldingar-treyjunni einhvern tímann

þegar þeir félagar fara aftur út í heim eftir Covid-pásuna. Ég efast ekki um að það muni gerast einn daginn.

Talandi um Jökul og jökla, þá er Mosfellingurinn Pétur Pétursson að koma með líkjörinn Jöklu á markað í dag. Afturð sem hann hefur verið að þróa síðastliðin 14 ár og er fyrsti íslenski rjómalíkjörinn, áfengur drykkur framleiddur úr íslenski mjólk. Til hamingju Pétur með áfangann og drauminn sem nú er orðinn að veruleika. Mosfellski mjólkurfræðingurinn sýnir hér allar sínar bestu hliðar og breytir nú mjólk í vín. Skál!

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings



# ÍS FUGL

www.isfugl.is



## Í PÁ GÖMLU GÓÐU...

### Vorferðalög nemenda Brúarlandsskóla

Í Skjalasafni Mosfellsbæjar er varðveitt lítil bók tengd Brúarlandsskóla frá árinu 1938. Áritunin er SJÓÐUR THOR JENSENS HJÓNA og undirtitill - Ætlaður til vorferðalaga skólabarna í Brúarlandsskóla.


Nokkuð er til af ljósmyndum frá vorferðum nemenda og hafa sumar verið birtar á þessum vettvangi.



BÍLL FRÁ FYRIRTÆKI SIGURBERGS OG SNÆLAND Í MOSFELLSSVEIT



Bílstjórinn, Hans A. Þorsteinsson, Klara Klængsdóttir kennari, S. Hálf-dán Helgason sóknarprestur og Valborg Sigurðardóttir eiginkona Guðmundar Magnússonar kennara, sem tók myndirnar.



KÁPA BÓKAR

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?



## Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði





# Fasteignasala Mosfellsbæjar



**Svanþór Einarsson**  
Lögg. fasteignasali



**Egilína S. Guðgeirsdóttir**



**Þórhildur M. Sandholt**  
Lögg. fasteignasali



**Sigurður Gunnarsson**  
Lögg. fasteignasali



**Theodór Emil Karlsson**


## STÓRITEIGUR - FALLEGT EINBÝLISHÚS



Mjög fallegt 211,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð, þar af er bílskúr 40,6 m<sup>2</sup>, á frábærum stað innarlega í rólegri og fjölskylduvænni götu í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Granít í borðplötum og gluggakistum. Stór timburverönd í suðurátt með heitum potti og opnum vinnuskúr. Stórt steypt og hellulagt bílapan. Lóð með mikla möguleika. Eignin var mikið endurnýjuð árið 2006.

**V. 120 m.**

## EYJABAKKI - SUMARBÚSTAÐALÓÐIR



Sumarbústaðalóðir við Eyjabakka í Kjós. Lóðirnar standa við ána Sandá rétt við Meðalfellsvatn. Akstur frá höfuðborgarsvæðinu er 30-40 mín. Stutt er í þjónustu og fallegar gönguleiðir. Á svæðinu er verslun og veitingahús. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 100 m<sup>2</sup>, þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m<sup>2</sup>.

**V. 6,3 m.**

# VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG

## Ertu í söluhugleiðingum eða að velta fyrir þér að kaupa fasteign?

*Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur starfað í Mosfellsbæ síðan 1998  
og hefur lagt metnað sinn í að þjónusta Mosfellinga frá upphafi*



**Svanþór Einarsson**  
Löggiltur fasteignasali  
svanthor@fastmos.is  
S: 698 8555

**VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR  
OKKUR ALLAR GERÐIR EIGNA**

**Sigurður Gunnarsson**  
Löggiltur fasteignasali  
sigurdur@fastmos.is  
S: 899 1987



## HJALLAHLÍÐ - FRÁBÆR STAÐSETNING



Þjört og falleg 64,1 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með séringngangi og stórra afgirtri verönd. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða vinnuherb.), rúmgott baðherbergi/þvottaherbergi, stofu og eldhús. Frábær staðsetning.

**V. 42,9 m.**



## HELGADALSVEGUR

Mosfellsdalur 9.277 m<sup>2</sup> byggingarlóð (eignarlóð). Heimilt að byggja eitt íbúðarhús á lóðinni, en auk þess er gert ráð fyrir bílskúr og einu gestahúsi innan byggingarreits. Gatnagerðargjöld eru ógreidd af lóðinni.

**V. 32,0 m.**



## EFSTALAND

Fallegt 193,9 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í anddyri, fjögur svefnherbergi, fataherbergi, sjónvarpshol, eldhús, stofu/borðstofu, tvö baðherbergi, þvottahús, sólskála og bílskúr.

**V. 99,5 m.**





Varmárskóla skipt í tvo skóla 1. ágúst • Nafnasamkeppni um nafn á eldri deildina

# ELDRI DEILD VARMÁRSKÓLA VERÐUR KVÍSLARSKÓLI

Fimmtudaginn 6. maí var tilkynnt um nýtt nafn á eldri deild Varmárskóla. Eftir var til nafnasamkeppni á skólann sem 7.-10. bekkur mun tilheyrja við stofnun hans 1. ágúst næstkomandi og fékk skólinn nafnið Kvíslarskóli að undangenginni nafnasamkeppni.

Varmárskólanafnið mun fylgja yngri deildinni og því varð að finna nýtt nafn á eldri deild núverandi Varmárskóla.

## Nafnanefnd vann úr tillögum

Skipuð var nafnanefnd til að vinna úr tillögum að nafni og leggja til við bæjarráð þá tillögu sem varð hlutskörpust.

Í nafnanefndinni sátu Bjarki Bjarnason bæjarfulltrúi V-lista og Anna Sigríður Guðnadóttir bæjarfulltrúi S-lista sem fulltrúar bæjarstjórnar, Birgir D. Sveinsson, fyrrverandi skólastjóri sem fulltrúi samfélagsins, Margrét Lára Höskuldsdóttir sem fulltrúi starfsmanna skólans og Ásta Kristbjörnsdóttir sem fulltrúi nemenda. Þórhildur Elvarsdóttir skólastjóri Varmárskóla var ritari nafnanefndarinnar.

Góð þátttaka var í samkeppninni og bárust alls 68 tillögur að nýju nafni. Nafnanefndin setti sér starfsreglur og fundaði tvisvar sinnum. Að lokum stóð eitt nafn eftir, Kvíslarskóli, en sjö tillögur bárust þar sem þetta nafn var lagt til og komu þær frá 7. GÁS og 10. KÁ í Varmárskóla, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Óðni Pétri Vigfússyni, Einari Jóhannessyni, Jóhönnu Magnúsdóttur og Krista Glan.

## Sjö tillögur um Kvíslarskóla

Nafn skólans, Kvíslarskóli, kallast á við Varmárskólanafnið enda um systurskóla



ÞÓRHILDUR SKÓLASTJÓRI VIÐ ATHÖFNINA



SKÓLAHLJÓMSVEITIN LEIKUR

að ræða, það vísar beint til örnefnis í næsta nágrenni sem er Kaldakvísl og loks er nýja nafnið í góðu samræmi við þá nafnahefð sem mótast hefur síðustu áratugi hér í Mos-

fellsbæ sem er að kenna skóla við örnefni í næsta nágrenni við skólana. Þá var nefnt í umræðu um nýja nafnið á samfélagsmiðlum að með sama hætti og Kaldakvísl tekur við vatni úr Varmá þá mun Kvíslarskóli taka við nemendum úr Varmárskóla

Eins og Mosfellingar vita hefur eldri deild Varmárskóla lengi verið kölluð Gaggó Mos enda gekk skólinn lengi undir heitinu Gagnfræðaskóli Mosfellsbæjar þegar það skólastig var við lýði í landinu. Nú eru hins vegar hvorki til barnaskólar né gagnfræðaskólar og því ekki unnt að nota þau orð sem hluta af formlegu heiti skóla en mörgum þykir auðvitað vænt um eldra nafnið og gera má ráð fyrir því að það lifi í einhverri mynd áfram.

Finnar gáfu átta raðhúsallengjur eftir gosið í Eyjum 1973 • Minnisvarðinn endurnýjaður

# Flaggað í Arnartanga í sumar



ANN-SOFIE STUDE OG HARALDUR SVERRISSON

Við Arnartanga í Mosfellsbæ standa átta raðhúsallengjur með alls 33 íbúðum. Þessi hús voru gjöf finnsku þjóðarinnar í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum árið 1973. Húsin voru sett upp fyrir Vestmannaeyinga sem misst höfðu húsnæði sitt í gosinu og neyðst til að flytja upp á land.

Sérstakur Viðlagasjóður festi kaup á húsunum sem ganga jafnan undir nafninu Viðlagasjóðshúsin.

Til minningar um þessa höfðinglegu gjöf stendur hraunsteinnur úr Vestmannaeyjum og er á honum skjöldur sem nýlega var endurnýjaður. Minnisvarði þessi var afhjúpaður við hátíðlega athöfn í ágúst 1977 af þáverandi forseta Finnlands, Urho Kekkonen.

Sendiherra Finna á Íslandi Ann-Sofie Stude ásamt Haraldri Sverrissoni bæjarstjóra flöggðu fánaveifum við steininn á sumardaginn fyrsta. Er áætlað að veifurnar blakti við hún fram yfir bæjarhátíðina í ágúst.

## 11 umsækjendur um stöðu skólastjóra

Staða skólastjóra Varmárskóla fyrir 1.-6. bekk var nýlega auglýst til umsóknar. Umsóknarfrestur rann út 14. apríl sl. og bárust 11 umsóknir. Eftirfarandi sóttu um stöðuna: Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir deildarstjóri, Elísabet Gunnarsdóttir deildarstjóri, Eysteinn Þór Kristinsson skólastjóri, Jóhanna Helgadóttir kennari, Jóna Benediksdóttir skólastjóri, Nieves Figuera, Sigurður Sigurþórsson aðstoðarskólastjóri, Svandís Egilsdóttir skólastjóri, Þórdís Sævarsdóttir kennari.

## Lágafellskirkja lokuð í sumar vegna viðhalds

Vegna viðgerða verður Lágafellskirkja lokuð frá mánudeginum 24. maí til fimmtudagsins 15. júlí 2021. Kominn er tími á að fara í viðhaldsframkvæmdir á þaki kirkjunnar. Á meðan á þessu tímabili stendur fer allt helgihald fram frá Mosfellskirkju.



# nettó

## Nettó opnar verslun í Mosfellsbæ 4. júní

Nettó undirbýr nú opnun 750 fm verslunar í Sunnukrika 3 í Mosfellsbæ. Unnið er hörðum höndum að því að standsetja rýmið áður en búðin opnar eftir þrjár vikur, föstudaginn 4. júní. Í Sunnukrika 3 verður einnig að finna heilsugæslu, apótek og kjötbúð. Verslanir Nettó eru staðsettar á 17 stöðum á landinu og bætist nú glæsileg verslun við í Mosfellsbæ. Í Nettó er boðið upp á gríðarlegt úrval af freskvöru í kjötmeti, ávöxtum og grænmeti. Verslunin státar af mikilli breidd í heilsuvörum, lífrænt, vegan, ketó, vítamín og fæðubótarefni. Nettó er í eigu Samkaupa hf. og var fyrsta lágvöruverslunin til að opna netverslun á Íslandi. Þá var verið að innleiða nýtt app sem gildir í öllum Nettóverslunum sem ber heitið Samkaup í símann.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Allt safnaðarstarf miðast við nógildandi fjöldatakmörkanir og ítrustu sóttvarna gætt. Við tökum vel á móti þér.

**Sunnudagana 16. og 23. maí** eru fermingarguðsþjónustur í Lágafellskirkju og fellur hefðbundið helgihald niður vegna þess.

**Sunnudagurinn 16. maí**  
Rafrænt lokahóf sunnudagaskóla kl. 13.

**Sunnudagurinn 30. maí**  
Kirkjueið hestamanna að Mosfelli sunnudaginn 30. maí. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur: Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson. Félagar úr Karlakór Kjalnesinga syngja undir stjórn Þórðar organista.

**Síðustu foreldramorgnar fyrir sum-arfrí** - Fimmtudaginn 20. maí kl. 10-12 í safnaðarheimilinu, 3. hæð. Dagskrá: Opið hús og léttar veitingar

## Skráning fermingarbarna 2022

Hefst laugardaginn 15. maí kl. 9. Nánari upplýsingar og skráning á lagafellskirkja.is!

## Sumarnámskeið Lágafellssóknar

Skráning er hafin á heimasíðunni okkar. Lofum stuði og ævintýrum í sumar! Sjá auglýsingu annars staðar í blaðinu.

## Lágafellskirkja lokuð í sumar

Vegna viðgerða verður Lágafellskirkja lokuð frá 24. maí-15. júlí. Á því tímabili verður allt helgihald frá Mosfellskirkju.



# FERÐASTU UM **ALLT** ÍSLAND

PLUG INTO MORE  
**ADVENTURE**



THE 2021 **WRANGLER**  
**4xe**

## GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BODI FRÁ KR. 300.000  
TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU.

**Jeep** | **4xe**

## RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.  
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

**GERIÐ VERÐSAMANBURÐ**



**4xe**

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID  
VERÐ 5.499.000 KR.\*



**4xe**

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID  
VERÐ 5.999.000 KR.\*

\*Gildir meðan birgðir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited.

**ISBAND**

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300WWW • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**





SVANÞÓR EINARSSON FASTEIGNASALI OG EIGANDI FASTMOS

Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur verið starfrækt frá árinu 1998

# Svanþór nýr eigandi fasteignasölnunnar

Eigendaskipti hafa orðið á Fasteignasölu Mosfellsbæjar en nýr eigandi er Svanþór Einarsson. Tekur hann við fyrirtækinu af Einarri Páli Kjærnested og Hildi Ólafsdóttur sem rekið hafa fasteignasölnuna í 20 ár.

Svanþór er Mosfellingur í húð og hár og er Mosfellingum að góðu kunnur. Hann er löggiltur fasteignasali og hefur sjálfur unnið á fasteignasölu Mosfellsbæjar í tæp 13 ár og að undanförunu séð alfarið um daglegan rekstur.

„Ég tek við góðu búi af vinum mínum Einarri Páli og Hildi sem hafa rekið fasteignasölnuna með miklum myndarbrag síðustu tvo áratugi.“

Það verður lítið um breytingar hjá okkur enda á góðum stað og með úrvals starfsfólki.“

## Best að búa í Mosó

„Fasteignamarkaðurinn í Mosfellsbæ hefur verið ansi líflegur enda mikið byggt síðustu ár. Það eru miklu fleiri að reyna að komast í Mosó en úr. Hér er eftirsóknarvert að búa enda hef ég



alltaf sagt að það er best að búa í Mosó.

Íbúum hefur fjölgað gríðarlega mikið síðustu ár og jafnvel færri komist að en vilja. Við munum halda áfram að leggja metnað okkar í að þjónusta Mosfellinga enda hefur það verið okkar sérsvið.“

Fasteignasala Mosfellsbæjar er rötgróid fyrirtæki, staðsett á efstu hæð í Kjarna, Þverholti 2.

Svanþór er í sambúð með Önnu Ragnheiði Jónsdóttur grunnskólakennara og búa þau í Helgafellshverfi. Sonur Svanþórs er knattspyrnumaðurinn Jason Daði.



MOSFELLSBÆR

# Leikskólastjóri Hlíð

## Ungbarnaleikskóli

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Leikskólinn Hlíð er ungbarnaleikskóli þar sem meðal annars er lögð áhersla á tilfinningalegt öryggi, umhyggju og nám í gegnum leik. Skólinn starfar í anda skóla fjölbreytileikans.

Skólastjóri leikskólans Hlíð ber ábyrgð á starfsemi skólans og er í fararbroddi í skólaþróun. Hann gegnir lykilhlutverki í leiða skapandi leikskólastarf og samstarf við skóla og foreldra. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla og stefnumörkun Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir áræðni og leiðtogafærni til að byggja upp öflugt skólasamfélag inn í framtíðina.

**Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.**

## Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2021.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf). Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengárd framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525-6700 eða á [linda@mos.is](mailto:linda@mos.is). Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



VIRÐING



JÁKVÆÐNI



FRAMSÆKNI



UMHYGGJA



# KRÓNAN

**Hæ Mosó!**

## Ert þú með hugmynd?

### Krónan í Mosfellsbæ auglýsir eftir styrktarumsóknum

Við höfum áhuga á að taka þátt í uppbyggingu í samfélaginu og auglýsum eftir styrktarumsóknum.

#### Hvað getum við gert saman?

Árlega veitir Krónan styrki til verkefna í nærumhverfi verslanna Krónunnar. Stefna Krónunnar er að styrkja verkefni sem hvetja til hreyfingu og hollustu barna og/eða uppbyggingu í samfélaginu t.d. á sviði menningar og lista eða menntunar.

Til að sækja um þarf að fara inn á:

**Kronan.is/  
styrktarumsokn**

Umsóknarfrestur er til  
**29. ágúst 2021**

\*Styrktarumsóknum verður einungis svarað í gegnum heimasíðu Öllum umsóknum verður svarað og tilkynnt verður hvaða verkefni fær styrk í ár.





## Bryndís sækist eftir 2. sæti í Kraganum

Bryndís Haraldsdóttir þingmaður Sjálfstæðisflokks gefur kost á sér í 2. sæti í Suðvesturkjördæmi. Bryndís er í dag 2. þingmaður kjördæmisins og skipaði 2. sæti listans fyrir þingkosningarnar 2016 og 2017.

Bryndís er einn af varaforsetum Alþingis, situr í efnahags- og viðskiptanefnd og utanríkismálanefnd. Bryndís sat í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 2010-2018, hún var þar formaður bæjarráðs og skipulagsnefndar. Bryndís var stjórnarformaður Strætó bs. og sat í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins. Bryndís er viðskiptafræðingur að mennt og jafnframt menntuð í stjórnsýslufræðum. Hún er gift Örnólfi Örnólfssyni rafvirkjameistara og eiga þau þrjú börn. Bryndís hefur verið í eigin atvinnurekstri og starfaði lengi að nýsköpunar- og frumkvöðlamálum hjá Nýsköpunarmiðstöð.



## Almannavarnir vara við gróðureldum

Vegna þurrka og hættu á gróðureldum hefur hættustig Almannavarna verið virkjað. Öll meðferð elds utandyra er bönnuð á Suður- og Vesturlandi og hafa Almannavarnir lýst yfir hættustigi vegna mögulegra gróðurelda. Bannsvæðið nær frá Eyjafjöllum að Breiðafirði. Undir bannið fellur hvers kyns opinn eldur utan dyra og sömuleiðis eldur í örnunum og kamínunum innan húss.

Deilir tækniþjónusta er þjónustufyrirtæki á véla- og orkusviði • Höfuðstöðvar í Völuteig

# Þjónusta jarðvarmavirkjanir og veitur á öllu landinu

Deilir er öflugt og ört stækkandi fyrirtæki sem staðsett er í Völuteig í Mosfellsbæ. Deilir er tækniþjónusta sem býður fjölbreyttar véla- og tæknilausnir til fyrirtækja sem stafa í orkuíðnaði og veitustarfsemi.

Það var Baldur Jónasson sem stofnaði Deili árið 2008, Ingvar Magnússon og Jóhann Jónasson komu svo seinna inn í eigandahópinn. „Fyrst um sinn þjónustaði fyrirtækið eingöngu Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta þróaðist hratt í það að við fórum fljótt að þjónusta öll orkuver á landinu.

Við höfum alltaf verið fókusaðir á græna orku, á jarðorkuverin og veiturarnar. Við höfum skapað okkur sérstöðu á þessu sviði,“ segir Baldur sem starfar í dag sem verkefnis- og rekstrarstjóri Deilis.

Nýverið komu nýir eigendur að félaginu sem gefur fyrirtækinu tækifæri á að styrkja þá þekkingu og þjónustu sem Deilir stendur fyrir.

### Mennirnir á bakvið tjöldin

„Það má segja að við séum mennirnir á bakvið tjöldin, okkar hlutverk er að notandi raforku og vatns verði ekki fyrir truflun. Okkar hlutverk er að þjónusta vélbúnaðinn, við reynum að hámarka þann tíma sem orkuverin eru í gangi með því að lágmarka bilanir með því að sjá til þess að vélbúnaðurinn sé í góðu ásigkomulagi.

Við mælum árangur okkar í því að rekstur þessara virkjana gangi truflunarlaust árum eða jafnvel áratugum saman. Þegar farið er í að stoppa vélbúnað til að gera við þá pössum við að þau verkefni séu vel undirbúin og taki sem skemmstan tíma og að viðgerðin endist lengur en áður,“ segir Jóhann Jónasson framkvæmdastjóri Deilis.



MOSFELLINGARNIR INGVAR, BALDUR OG JÓHANN

### Starfsmannahópurinn stækkað ört

Í dag starfa yfir 60 manns hjá Deili en fyrirtækið festi kaup á nýju 2.000 fm húsnæði við Völuteig fyrir rúmu ári.

„Eftirspurnin eftir okkar þjónustu er alltaf að aukast. Starfsmannahópurinn okkar hefur stækkað um helming á einu ári.

Við erum duglegir að fylgjast með þróun í þessum málum og höfum komið okkur upp góðu tengslaneti. Við erum í góðum samskiptum við sérfræðinga á þessu sviði bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Við flytjum inn vélbúnað og varahluti og fáum oft sérfræðing að utan í viðgerðir og viðhaldsverkefni,“ segir Ingvar sem sér um sölu- og tæknimál hjá Deili.

### Þekking til útflutnings

„Hér höfum við byggt upp þjónustu- miðstöð fyrir virkjanir og veitur á öllu landinu. Hingað koma fulltrúar þeirra til að ná í sérfræðipekkingu. Þetta gerum við með að hafa vel þjálfað og hæft starfsfólk í sérhæfða þjónustu. Áreiðanleiki er ein af höfuðdyggðunum okkar því að viðskiptavinurinn þarf að geta treyst á okkur, fengið þá þjónustu sem hann þarf í réttum gæðum og á réttum tíma.


Hér hefur byggt upp mikil þekking og sérhæfing á rekstri og viðhaldi tækni- búnaðar, verðmæt þekking sem við erum að vinna að útflutningi á til annarra landa,“ segir Jóhann að lokum.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### SÝNING Í GANGI!!!

Í endaðan apríl hélt myndlistahópurinn uppskeruhátíð með myndlistasýningu sem verður í gangi út maí í anddyri Lágafellslaugar. Kennari á námskeiðinu var Hannes Valgeirsson og hafa námskeiðin alltaf verið mjög vinsæl. Hvetjum alla að kíkja á listaverkin og einnig eru leirlistaverk til sýnis í glerskápunum í anddyrinu eftir betri borgara okkar. Látum nokkrar myndir tala sínu máli.



### ÚTI SUMARFJÖR

Fyrir hressa eldra fólkíð í sumar

Mosfellsbær býður upp á frítt 8 vikna útinámskeið frá 18. maí - 8. júlí. Tímarnir verða tvisvar sinnum í viku á **þriðjudögum og fimmtudögum**. Tveir hópar verða í boði 9:00-9:50 og 10:00-10:50. Á þriðjudögum er mæting við íþróttamiðstöðina við Varmá en á fimmtudögum er mæting við íþróttamiðstöðina Lágafelli. Áhersla á þessu námskeiði er ganga, stafaganga auk styrktar og jógaæfinga, góðra liðkandi teygjuæfinga ásamt gleði og glaumi. Námskeiðið á því henta öllu eldra fólkí. Kennarar eru Halla Karen og Berta.

Skráning fer fram hjá félagsstarfinu í síma 586-8014 eða hjá Elvu Björgu forstöðumanni í síma 698 0090, eins má senda póst á [elva@mos.is](mailto:elva@mos.is). Verkefnið er ríkisstyrkt viðbótarverkefni í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2021 vegna COVID-19.

### OPNUN

Félagsstarfið er opið mán-fim 11:00-16:00 og föstud 13:00-16:00. Opnunartími gæti breyst í sumar, fylgist því með.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er Elva Björg Pálsdóttir tómtunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



FÉLAG ALDRAÐRA í Mosfellsbæ og nágrenni [famos@famos.is](mailto:famos@famos.is) [www.famos.is](http://www.famos.is)

### STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður s. 855 2085 [ihhj@simnet.is](mailto:ihhj@simnet.is)  
Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður s. 896 5700 [bruarholl@simnet.is](mailto:bruarholl@simnet.is)  
Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri s. 863 3359 [margretjako@gmail.com](mailto:margretjako@gmail.com)  
Snjólaug Sigurðardóttir ritari s. 897 4734 [snjolaugsig@simnet.is](mailto:snjolaugsig@simnet.is)  
Kristbjörg Steingrimsdóttir meðstjórnandi s. 898 3947 [krist2910@gmail.com](mailto:krist2910@gmail.com)  
Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður s. 899 0378 [hanna@smart.is](mailto:hanna@smart.is)  
Bragi Bergmann Steingrímsson 2. varamaður [bbergman@hive.is](mailto:bbergman@hive.is)





# ALLT ER NÚ Í MOSFELLSBÆ

Við hjá ALLT fasteignasölu sýnum sjálf allar eignir. Við erum þjónustulipur, framsækin og leggjum áherslu á ánægju bæði kaupanda og seljanda. Við sýnum öryggi og nákvæmni í öllum vinnubrögðum og látum hlutina ganga upp.

## Verið velkomin að Þverholti 2



ALLT fasteignasala er staðsett á fjórum stöðum, á Stór-Reykjavíkursvæðinu í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavík og Vestmannaeyjum ásamt því að reka Sólareignir sem er sala á eignum erlendis. Fasteignasalan leggur metnað sinn í að koma á mótis við viðskiptavini ásamt því að vera hágæða fasteignasala.

Sími 560-5505  
allt@allt.is, allt.is



Páll Líndal stendur fyrir Palla Open styrktardegi 22. maí • Pallaball í skoðun

# Hjóla- og golfmót til styrktar góðum málefnum í Mosfellsbæ

Páll Líndal stendur fyrir Palla Open golfmóti til styrktar Reykjadal og Hlaðgerðarkoti laugardaginn 22. maí.

„Já, það verður golfmót en við ætlum líka að hjóla og verða tvær vegalengdir í boði. 45 km og svo 10 km fjölskylduhringur í Mosfellsbæ. Meiningin er að safna fyrir tveimur verðugum málefnum hér í bæ og skipta öllu sem safnast á milli þeirra.“

Golfmótið hefst kl. 7 um morguninn og stendur fram á kvöld en verið er að vinna með endanlega útfærslu á hjólaþættinum en við notum líklega Strava og hóparnir hjóla frá leikskólanum Huldubergi milli kl. 9 og 12.

## Byrjaði með færslu á Facebook

Þú varst að pæla í Pallaballi líka, er það ekki? „Jú, ef allt væri eðlilegt yrði ball í golfskálanum um kvöldið en við sjáum til hvernig Covid-staðan verður.“

En hver er þessi Páll? „Ég er bara miðaldra karlmaður í Klapparhlíðinni,“ segir Páll og hlær.

„Þetta byrjaði nú bara bara með einum Facebook-status í vetur sem fékk mjög jákvæð viðbrögð. Eins konar áskorun um að gera eitthvað hressilegt þegar Covid væri búit og hafa eitthvað til að hlakka til. Svo hefur eitt leitt af öðru og nú er þetta að verða að veruleika.“

## Allir boðnir og búnir að hjálpa til

„Það hafa allir sem ég hef leitað til tekið



Lagt á ráðin við við golfskálann í Mosfellsbæ. Hrefna Rós (Reykjakot), Magnús (hjólari), Páll Líndal (skipuleggjari), Helga Lind (Hlaðgerðakot), Karl (Blik), Ágúst (GM) og Valdimar Þór (Hlaðgerðakot).

mér fagnandi. Golfklúbburinn leggur allt sitt af mörkum og við höfum safnað fullt af vinningum og styrkjum.“ Þá hafa Páll og hundurinn Brúnó safnað um 2.000 golfboltum í kringum völlinn í vetur sem seldir verða á keppnisdegi.

„Þetta er partur af því að búa í Mosó og láta sig samfélagið varða, en yfirskrift dags-

ins er Sælla er að gefa en þiggja.“

Og þú átt afmæli þennan dag? „Já, reyndar, en dagurinn snýst alls ekki um það.“

Hve miklu ætlar þú að safna? „Það er góð spurning, vonandi þremur milljónum ef vel gengur, en það verður hægt að styrkja án þess að taka þátt.“ Nánari upplýsingar má sjá í auglýsingu annars staðar í blaðinu.



## REYKJADALUR

Reykjadalur er sumar- og helgarráðgjafarstaða í Mosfellsdal fyrir börn og ungmenni með fötlun eða sérþarfir. Í Reykjadal er börnum og ungmennum gefið tækifæri til að skapa ógleymanlegar minningar. Gleði, jákvæðni og ævintýri lýsa starfsemi vel. Árlega koma um 250 einstaklingar í Reykjadal, 8-21 árs. Lögð er áhersla á að hver og einn einstaklingur njóti sín á sínum forsendum.

## HLAÐGERÐARKOT

Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal er elsta starfandi meðferðarstofnun landsins og rekið af Samhjálp. Þar er unnið með einstaklinga sem eiga við fíknivanda að stríða. Í Hlaðgerðarkoti starfar þverfaglegt teymi, lækni, hjúkrunarfræðings, félagsráðgjafa og áfengis- og fíkniráðgjafa ásamt því sem umsjónarmenn eru við störf allan sólahringinn. Lögð er áhersla á heimilislegt og hlýlegt viðmót og er virðing fyrir einstaklingnum höfð að leiðarljósi.



MOSFELLSBÆR

## VERKEFNASTJÓRI SKJALAVÖRSLU OG RAFRÆNNAR ÞJÓNUSTU Í MOSFELLSBÆ

Mosfellsbær leitar að framúrskarandi og metnaðarfullum leiðtoga með yfirgripsmikla þekkingu og brennandi áhuga á skjalamállum og rafrænni þjónustu.

Mosfellsbær er fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið bæjarfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi.

### Um starfið

Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu hefur faglega forystu um skjalavörslu Mosfellsbæjar, leiðir þróun og umsjón með notkun skjalavörslukerfis, íbúagáttar og kerfum sem þeim tengjast. Hann ber ábyrgð á daglegri umsýslu og viðhaldur og mótir verklagsreglur við móttöku og meðferð erinda. Hann gegnir lykilhlutverki í ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks um það sem tengist skjalavörslu og rafrænni þjónustu sveitarfélagsins. Þá sinnir verkefnastjórinn samskiptum og samvinnu við önnur sveitarfélög um skjalamál, rafræna þjónustu, stafræna umbreytingu og notkun þjónustukerfa í samstarfi við fagsvið og stofnanir bæjarinn.

### Menntunar og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórnun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Reynsla af skjalastjórnun og notkun rafrænna skjalavistunarkerfa er skilyrði.



Þekking á skjalavörslukerfinu ONE er kostur.

- Reynsla af því að undirbúa, skipuleggja, stýra og fylgja verkefnum eftir.
- Mjög góð athliða þekking og reynsla á sviði tölvu- og upplýsingatækni, stafrænum umbreytingaverkefnum og hugbúnaðarþróun er skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun er skilyrði.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Þekking og reynsla af gerð og viðhaldi ferla er kostur.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

### Umsóknarfræstur er til og með 23. maí 2021.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf). Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Jónsson forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar í síma 525-6700 eða í netfang: [arnar@mos.is](mailto:arnar@mos.is). Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



# VIÐ OPNUM Í SUNNUKRIKA

Í MOSFELLSBÆ

Í NÆSTU VIKU



**KJÖTBÚÐIN**

[www.kjotbudin.is](http://www.kjotbudin.is)



Fylgstu hér með  
opnunartilboðum!

EUROVISION



# HJARTAÐ SLÆR ALLTAF HEIMA Í

Mosfellska hljómsveitin KALEO hefur farið sigurför um heiminn en strákarnir fluttu til Bandaríkjanna fyrir sex árum.

Ný plata sveitarinnar, Surface Sounds, leit dagsins ljós nú nýverið eftir að útgáfu hennar var frestað vegna kórónuveirufaraldursins. Hún hefur nú þegar fengið frábærar viðtökur um allan heim.

Meðlimir hljómsveitarinnar KALEO eru þeir Jökull Júlíusson, Davíð Antonsson, Daníel Ægir Kristjánsson og Rubín Poll-ock.

Sökum COVID hefur hljómsveitin verið á Íslandi í rúm ár og leitar að æfingaaðstöðu til að undirbúa sig undir þriggja ára heimstúr sem fram undan er til að fylgja eftir nýju plötunni.

Við hittum Jökul Júlíusson forsprakka sveitarinnar og spurðum út í tímamótasamstarf við Aftureldingu, rokklíf og allt það helsta sem okkur þyrsti í að vita.

## Æfði á yngri árum með Aftureldingu

*Hvernig hafa viðbrögðin við nýju plötunni verið?*

Þau eru búin að vera gífurlega góð í alla staði og með mest seldu plötum á heimsvísu eftir fyrstu söluviku

## Og hvernig gekk að vinna hana?

Það var langt og strangt ferli. Ég hóf upp-tökur á meðan ég var enn á tónleikaferðalagi 2017 bæði í rútunni og mismunandi hljóðverum víða um heim þegar frídagar gáfust. Síðan síðla árs 2018 eftir að tónleikaferðalaginu lauk gat ég einbeitt mér að stúdíóinu og eyddi þá mestum tíma í Nashville, New York og Los Angeles.

## Hvernig kom það til að þið fóruð að styrkja Aftureldingu?

Þetta var hugmynd sem Magnús Már Þjálfari kom með til mín. Mér fannst það auðvitað mjög spennandi og ákveðin rómantik í því að geta styrkt uppeldisfélagið. Eftir því sem við best vitum hefur þetta ekki verið gert áður, að listamaður auglýsi fram- an á knattspyrnutreyjum, í það minnsta ekki á Íslandi.

## Eitthvað meira planað í kringum það?

Planið er að reyna að mæta á heimaleiki í sumar og vonandi gera eitthvað skemmtilegt með liðinu ef samkomutakmarkanir og aðstæður leyfa.

## Þú æfir sjálfur með Aftureldingu?

Ég æfði með Aftureldingu á yngri árum og við lentum meðal annars í 2. sæti á Íslandsmótinu í 2. flokki. Eftir það fór ég að einblína meira á tónlistina og það tók svolítið við.

## Varla misst úr dag í ræktinni í 10 ár

*Hvernig hefur Covid farið með þig? Gott að fá smá pásu eða er þetta óþolandi ástand?*

Það má eiginlega segja bæði. Þetta hefur vissulega verið góð hvíld á margan hátt en að sama skapi erfitt að aðlagast öðrum lífs-



JÖKULL JÚLÍUSSON Á HEIMAVELLI AFTURELDINGAR

Myndir/ÞæggiÓla

» **Mér fannst það auðvitað mjög spennandi og ákveðin rómantik í því að geta styrkt uppeldisfélagið.**

stíl. Við höfum reynt að vinna á meðan við getum og tekið upp nokkra lifandi flutninga í íslenskrá náttúru. Aðalvandamálið hefur verið að finna æfingaaðstöðu og auglýsum við hér með eftir því ef að einhver hefur tök á að hýsa eða leigja lítilli hljómsveit húsnæði.

## Hvað er svo fram undan hjá ykkur?

Fram undan er þriggja ára heimstúr sem hefst í febrúar á næsta ári í Norður-Ameríku til að fylgja eftir nýju plötunni, Surface Sounds.

## Tekur ekki á að búa í rútu í langan tíma á þessum tónleikaferðalögum?

Þetta getur verið gífurlega lýjandi á tímum. Sérstaklega eftir langt tónleikaferðalag. Ég reyni alltaf að hugsa vel um mig þegar kemur að heilsu, hreyfingu og mataræði

og ég held að það hafi oft bjargað mér á tímum.

## En þú hugsar vel um heilsuna?

Já, ég hef alltaf búið til tíma fyrir það, sama hvað. Það er eiginlega ótrúlegt að hafa nánast ekki misst úr dag í ræktinni í 10 ár sama í hvaða landi ég er, þangað til Covid kom. Þá þurfti maður að reyna bjarga sér í útihlaupum o.fl.

## Kærastan jarðbundin og heilsteyp

*Hvernig tekur Telma, kærastan þín, öllu þessu hljómsveitarstússi?*

Ég myndi segja að hún umberi það bara mjög vel. Þetta er oft langt frá því að vera eðlilegt líf en hún er ótrúlega jarðbundin og heilsteyp og mikil fyrirmynd svo að það auðveldar okkur að finna stöðugleika.

## Hvar sérðu sjálfan þig eftir 10 ár?

Það verður að koma í ljós. Þetta hefur verið síbreytilegt síðustu ár og maður hefur þurft að aðlagast hratt. Það sem er næst á dagskrá núna er langur túr og að byrja að vinna í næstu plötu, vonandi sem fyrst. Auðvitað vonast maður síðan til að fá tíma inn á milli og koma heim og njóta á Íslandi sömuleiðis.

## Hvert er eftirminnilegast gíggid?

Þau eru mörg eftirminnileg úti um allan heim en það er nú alltaf eftirminnilegt þegar ritstjórninn dró mig fyrst upp á svið til að syngja og spila á Ásláki fyrir þó nokkrum árum. Ætli það hafi ekki verið eitt af fyrstu gíggunum.

## Mikið vatn runnið til sjávar

*Ætlaðir þú þér alltaf að verða tónlistarmaður?*

Ég var kannski ekki viss um að ég myndi starfa við það fyrr en hlutirnir byrjuðu virkilega að rúlla 2013. Það hefur þó alltaf verið mikil ástríða.

## Hvað finnst þér skemmtilegast að gera sem tónlistarmaður?

Ég lít meira á mig sem lagahöfund heldur en söngvara eða hljóðfærleikara. Það er þar sem ég finn mig mest, svo er ótrúlega gaman hvernig hægt er að lita lögin með mismunandi hljóðfærum, útfærslum og fleira.

## Og hvert stefnir þú?

Ástæðan fyrir því að ég flutti til Bandaríkjanna fyrir um sex árum var aðallega til þess að taka upp tónlistina þar og flytja hana. Þar eru að mínu mati bestu hljóðverin og fólk til að vinna með.



## FRAMAN Á BÚNINGUM UMFA

» Mosfellska hljómsveitin KALEO mun næstu tvö árin vera með aðalauðlýsinguna framan á búningum meistara-flokks karla hjá Aftureldingu. Afturelding mun í sumar leika í Lengjudeildinni í knattspyrnu og merki KALEO mun vera framan á treyjum liðsins.

» Þrír af meðlimum KALEO spiluðu fótbolta með yngri flokkum Aftureldingar. „Þetta er frábært tækifæri til að gefa til baka og einfaldlega heiður að starfa með mínu uppeldisfélagi,“ segir Jökull Júlíusson söngvari sveitarinnar.

» Á myndinni má sjá Gísla Elvar formann meistara-flokksráðs, Jökul Júlíusson og Magnús Má Þjálfara Aftureldingar.




Hljómsveitarmeðlimir KALEO, Danni, Jökull, Rubín og Davíð fyrir bæjarhátíðina í Túninu heima árið



# Í MOSFELLSBÆ

» **Ég hef mjög takmarkaðan áhuga á að hita upp fyrir aðra á þessum tíma á ferlinum. Við erum með meira en nóg efni til að halda okkar eigin tónleika og viljum því frekar einbeita okkur að því.**



Ég held að ég stefni alltaf á að halda áfram að próast og að gera hlutina vel. Ég get líka alveg viðurkennt að maður gleymir kannski oft að staldra við og horfa til baka og sjá hversu mikið vatn hefur runnið til sjávar.

*Þið eruð alveg komnir yfir í enskuna, það er ekkert von á lagi á íslensku í náinni framtíð?*

Ég hef alltaf samið á ensku. Það hefur einfaldlega verið mér eðlilegt.

Eina lagið sem ég hef spilað á íslensku er Vor í Vaglaskógi. Það er líka eina ábreiðan sem ég hef tekið. Það er þó aldrei að vita í framtíðinni. Aldrei að segja aldrei.

### Stoltur Mosfellingur og Íslendingur

*Mosfellingar eru afskaplega stoltir af framgangi ykkar (hafið verið valdir m.a. bæjarlistamenn Mosfellsbæjar og hljómsveitin valin Mosfellingur ársins). Finnið þið fyrir stuðningi úr ykkar heimabyggð?*

Alveg hiklaust. Ég er ótrúlega stoltur af því að vera Mosfellingur og það hafa verið forréttindi að alast hér upp. Þetta er frábært samfélag og ég hef alltaf fundið mikinn stuðning, jafnvel þegar að við vorum rétt að byrja og fengum að æfa uppi í félagsmiðstöð. Það væri einmitt gaman að reyna að koma upp flottri aðstöðu fyrir ungt tónlistar- og listafólk til að styðja við ungu kynslóðina og hvetja hana áfram.

*Þú ert duglegur að kynna Ísland og segja frá þínum heimahögum, finnst þér það skipta máli?*


Ég er mjög stoltur Íslendingur og er ófeiminn við að flagga því. Það eru líka forréttindi að geta tekið upp lifandi flutninga við þessar náttúruperlur sem við eigum eins og Fjallsárlón, Þrídranga o.fl.

*Hljómsveitin Rolling Stones þurfti að margbiðja ykkur um að hita upp fyrir sig, eru margir sem vilja fá ykkur með á túr?*

Það er mjög algengt að fyrirspurnir berist. Ég hef mjög takmarkaðan áhuga á að hita upp fyrir aðra á þessum tíma á ferlinum. Við erum með meira en nóg efni til að halda okkar eigin tónleika og viljum því frekar einbeita okkur að því.

*Hvar slær hjartað?*

Hjartað slær alltaf heima í Mosfellsbæ.



JÖKULL ER ANDLIT SVEITARINNAR

## Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum

Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands



### Sumarnámskeið Lágafellssóknar fyrir 6 - 9 ára krakka

1. - 4. bekkur, fædd 2012 - 2015

Skráningin er hafin!

**Tímabil í boði:**

**Vika 1:** 14. - 18. júní (frí 17. júní)

Verð: 8.000 kr.

**Vika 2:** 21. - 25. júní

Verð: 10.000 kr.

**Vika 3:** 9. - 13. ágúst

Verð: 10.000 kr.

**Vika 4:** 16. - 20. ágúst

Verð: 10.000 kr.

**Staðsetning:** Safnaðarheimilið, Þverholti 3

**Tími:** 9:00 - 16:00, húsið opnar kl. 8:45

Leikir, ævintýri & fjör!

Skráning og nánari upplýsingar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)





Geir Rúnar hefur alltaf dreynt um að opna í Mosfellsbæ • Útibú opnar í næstu viku

# Kjötubúðin opnar í Mosó

Kjötubúðin mun opna glæsilega verslun í Sunnukrika í næstu viku. Það er Mosfellingurinn Geir Rúnar Birgisson sem er eigandi og rekstraraðili Kjötubúðarinnar.

Geir, sem er kjötiðnaðarmeistari, hefur rekið Kjötubúðina á Grensásvegi síðastliðin 10 ár við góðan orðstír. „Ég byrjaði minn feril í Nóatúni hér í Mosó, þegar búðin lokaði var alltaf draumurinn að opna kjötubúð hér í bænum.

Á þessum tíma var ekkert hentugt húsnæði og úr varð að ég opnaði Kjötubúðina á Grensásvegi og hef rekið hana undanfarin 10 ár,“ segir Geiri. Búðin í Sunnukrika mun verða útibú frá hinni búðinni þar sem öll vinnsla mun fara fram.

## Styttra fyrir Mosfellinga

„Við munum vera hér með ferskt kjötborð og allt sem því tilheyrir, meðlæti, sósur og eftirrétti. Það verður styttra fyrir Mosfellinga að ná sér í steik á grillið en stór hópur minna viðskiptavina eru Mosfellingar,“ segir Geiri en þess má geta að Kjötubúðin hefur verið stór styrktaraðili meistaflokks karla í knattspyrnu undanfarin ár og hafa grillaðir hamborgarar frá Kjötubúðinni verið seldir á heimaleikjum við miklar vinsældir.

Í byrjun júní mun Nettó opna verslun í sama húsnæði en fyrir er heilsugæslan



og Apótekarinn með starfsemi í húsinu. „Nettó leitaði til mín og sá greinilega hag í því að vera með kjötubúð við hliðina á verslun sinni og ég tel að við eigum eftir að eiga í góðu samstarfi hér. Ég er mjög spenntur


að opna en undirbúningurinn er búinn að vera langur. Ég heyri að það spennur í bæjarbúum og ég er líka rosa ánægður að opna loksins kjötubúð á heimaslóðum,“ segir Geiri að lokum.

## Sáttmáli hestafólks og annarra vegfarenda

Sáttmáli milli hestafólks og annarra vegfarenda um umferðaröryggi var undirritaður laugardaginn 8. maí. Hóparnir hafa nú tekið höndum saman um að fræða almenning um það hvernig allir þessir hópar geti deilt saman heilbrigðri og öruggri útiveru. Mjög víða skarast umferð hestafólks við leiðir ólíkra vegfarendahópa. Mikilvægt er að hestafólk setji sig í spor annarra og að aðrir setji sig í spor knapans og hestsins. Allir vegfarendur þurfa að sýna tillitssemi, varúð og kurteisi. Áhugi á útivist hvers konar hefur stórauðist í faraldrinum og áreksrar virðast því tíðari. Vegfarendur fara óvarlega og fæla hesta, hestafólk eyðileggur skíðaslóða í gáleysi, hjólríðafólk notar hestastíga í leyfisleysi og hestafólk hjólastíga. Á síðasta ári voru 160 hestaslys skráð hjá Bráðamóttöku Landspítalans, sum alvarleg og oft er ástæðan sú að hesturinn fælist og tekur á rás. Nú ætla þessir hópar að leggja sig fram við að sýna hver öðrum gagnkvæma virðingu og tillit.

## Sumarnámskeiða í boði fyrir krakka

Sumarið nálgast óðfluga og eitt af vorverkunum felst í að finna viðeigandi námskeið og afþreyingu fyrir börnin okkar. Að vanda eru mörg og fjölbreytt sumarnámskeið fyrir börn og ungmenni í Mosfellsbæ í sumar og ættu öll börn að finna eitthvað við sitt hæfi. Á vefsíðu Mosfellsbæjar er að finna yfirlit og lýsingu á öllum námskeiðum og afþreyingu sem í boði er í sumar, [www.mos.is/sumarfristund](http://www.mos.is/sumarfristund)




## Fuglavernd skorar á kattaeigendur

Félagið Fuglavernd hefur sent frá sér hvatningu til kattaeigenda að passa sérstaklega upp á þá núna á varptíma fugla. Í Mosfellsbæ er öflugt fuglalíf. Best er að halda köttum alveg inni á varptímanum, sérstaklega á nóttunni og í ljósaskiptunum. Einnig er hægt að setja á þá kattakrafa eða bjöllur á hálsólar til að draga úr veiðum katta, því fuglar eiga auðveldara með að vara sig á þeim. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á vef Fuglaverndar og þar er einnig hægt að kaupa litríka og fallega kattakrafa sem útikisur geta borið með stolti.

# Bjarkarholt 10

## AÐEINS 1 ÍBÚÐ EFTIR



Íbúð 101 er 118,4fm. þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð með 5,5 fm. svölum og 15 fm. sérafnotareit. **Allar nánari upplýsingar veita:**



Erla Dröfn  
Löggiltur fasteignasali  
6920149  
erla@fastlind.is



Sigrún Ragna  
Löggiltur fasteignasali  
7737617  
sigrun@fastlind.is

**LIND**  
FASTEIGNASALA

**510 7900**

Bæjarlind 4 / 201 Kópavogur

**fastlind.is**



KEILUHÖLLIN ÚT ÚR KÓFINU! VONANDI.

# MÆ-Ó-MAÍ

SPENNANDI VIÐBURÐIR Í KEILUHÖLLINI Í MAÍ MEÐ ÖLLUM FYRIRVÖRUM HEIMSINS

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. [facebook.com/keiluhollin](https://facebook.com/keiluhollin)

Bókaðu borð tímanlega á [keiluhollin@keiluhollin.is](mailto:keiluhollin@keiluhollin.is)

FIM. 06. MAÍ

DR. FOOTBALL

## HJÖBB QUIZ

STÓRSKEMMTILEGT FÓTBOLTA-QUIZ HJÖRVARA HAFLIÐA



FIM. 13. MAÍ

## PÖBB QUIZ

### NEI, HÆTTU NÚ ALVEG

VILLI NAGLBÍTUR



LAU. 22. MAÍ

## JÚRÓ VÍ SJÓN



FIM. 20. MAÍ

## Haehæ!

PÖBB QUIZ MEÐ HJÁL MARI & HELGA



FÖS. 21. MAÍ

## ÆÐI

KOKTEILAÐVÖLD Í KEILUHÖLLINI

ÆÐI STRÁKARNIR, PATREKUR, BINNI OG BASSI ERU VEISLUSTJÓRAR

DJ. DÓRA JÚLÍA PEYTIK SKÍFUM & BASSI MARAJ TEKUR LAGIÐ

20 ÁRA ALDURSTAKMARK



FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI.

## LALLI TÖFRA MAÐUR

MÁNUDAGINN 24. MAÍ



SING-A-LONG

## GUÐRÚN ÁRNÝ

FIM. 27. MAÍ

ÖLL VINSÆLUSTU LÖGIN OG ÓSKALÖG ÚR SAL



FÖS. 28. MAÍ

## HREIMUR ÖRN

FRÍTT INN BREKKUSÖNGUR



## BOLTATILBOÐ Í GANGI Á ÖLLUM LEIKJUM Í BEINNI

12" PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM 1.990 KR. EDLAN MEÐ NACHOS 1.890 KR. BONELESS WINGS 10-12 STK. (FER EFTIR STÆRÐ) 2.490 KR. KJÚKLINGA/VÆNGIR 20 STK. KRISPÝ EÐA HEFÐBUNDNIR 2.490 KR. STÓR Á KRANA 990 KR. GÖS MEÐ ÁFYLLINGU 290 KR.

NÚ GETUR ÞÚ BÓKAÐ BRAUT Á NETINU

[keiluhollin.is](https://keiluhollin.is)

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00



## Námskeið Leikfélags Mosfellssveitar fyrir börn og unglinga

# Leikgleði í Bæjarleikhúsinu

Þrátt fyrir að ekki hafi verið hægt að taka á móti áhorfendum í Bæjarleikhúsinu í vetur hefur leikgleðin samt ráðið ríkjum í húsinu. Hin sívinsælu Leikgleði námskeið fyrir börn og unglinga eru starfrækt allt árið og í vetur var einnig boðið upp á námskeið fyrir fullorðna þegar samkomutakmarkanir leyfðu.

### Vinsæl námskeið frá 1996

Námskeiðin eru haldin á vegum Leikfélags Mosfellssveitar og hafa verið starfrækt síðan 1996. Kennsla fer öll fram í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ sem stendur við Þverholt.

Á Leikgleði námskeiðunum er alltaf mikil líf og fjör og þar koma saman krakkar úr öllum áttum sem eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á leikhústarfi. Á námskeiðunum er unnið með sjálfstraust, framkomu og framsögn og nemendur fá að kynna öllum hliðum leikhússins bæði á sviði og baksviði.

Venjan er að ljúka námskeiðum með



sýningu fyrir fjölskyldu og vini en í vetur þurfti að leita nýrra leiða og var afrakstur námskeiðanna tekinn upp á myndband.

Í sumar verða að vanda haldin Leikgleði námskeið í Bæjarleikhúsinu og er skráning hafin á [www.leikgleði.is](http://www.leikgleði.is).



MOSFELLSBÆR

## Auglýsing um skipulag

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögur að breytingum á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Egilsmói 12, byggingarreitur

Um er að ræða breytingu á deiliskipulag fyrir lóðina Egilsmóa 12, L-125282. Breytingin felur í sér að skilgreindur er byggingarreitur á lóðinni. Innan nýs byggingarreits er heimilt að stækka núverandi íbúðarhús og hesthús og byggja eitt gestahús. Nýr byggingarreitur er 20 m frá Suðurá.

### Heytjarnarheiði, stök lóð

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðina L-125374. Heimilt verður að byggja frístundahús á landinu í samræmi við gildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar. Byggingarheimildir fylgja aðalskipulagi.

Gögn eru einnig aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, [mos.is/skipulagsauglysingar](http://mos.is/skipulagsauglysingar) og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þeir sem vilja geta kynnt sér þau og gert athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á [skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is).

Athugasemdafrestur er frá 13. maí til og með 30. júní 2021.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
13. maí 2021

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



## SUMARSTARF



Þverholti 8 270 Mosfellsbær  
Sími 566 6614 Fax 566 6617  
[nonnilitli@nonnilitli.is](mailto:nonnilitli@nonnilitli.is) [www.nonnilitli.is](http://www.nonnilitli.is)

### Starfsfólk óskast í sumarafleysingar í matvælavinnslu í Mosfellsbæ

Frekari uppl. í s. 897-3236 eða [raggi@nonnilitli.is](mailto:raggi@nonnilitli.is)

## Innritun stendur yfir til 10. júní



Borgarholtsskóli



Afreksíþróttasvið



Framhaldsskólabraut



Bíliðngreinar



Málmiðngreinar



Bóknám



Listnám



Félagsvirkni- og uppeldissvið



Sérnámsbraut

Fylgstu með okkur



[borgo\\_skoli](https://www.instagram.com/borgo_skoli)



[Borgarholtsskoli](https://www.facebook.com/Borgarholtsskoli)

[borgo.is](http://borgo.is)








natures aid

# Hlauptu lengra!

**100% náttúrulegt** rauðrófuduft í hylkjum. Rauðrófan er mjög rík af andoxunarefnum og er sannkölluð ofurfæða.

Aðeins **2 hylki** á dag með mat.



*„Ég er að hlaupa mest í leikjum með Norrköping og ég vil meina að það sé rauðrófan“*

**- Ísak Bergmann**



**NÁTTÚRULEG  
OFURFÆÐA!**

**Útsölustaðir:** Apótek, heilsubúðir, heiluhillur stórmarkaða og Heimkaup.is



FRANKLÍN ERNIR, DÓRA  
LILJA OG ARI BORG



Mosfellingar í Kvennó gefa út spil • Salan fram úr vonum

## Frumkvöðlar gefa út fjölskylduspil

Glens, frumkvöðlafyrirtæki þriggja nemenda á lokaári í Kvennaskólanum í Reykjavík, setti nýverið fjölskylduspilið 20/20 á markað og hefur salan farið fram úr björtustu.

Mosfellingarnir Franklín Ernir og Dóra Lilja auk Ara Borg skipa fyrirtækið.

Við byrjuðum að vinna í hugmynd að fyrirtæki í janúar þegar að við mættum í fyrstu

tímana okkar í frumkvöðlafræði.

Við þróuðum spil þar sem leikmenn keppast við að safna sem flestum persónuspilum með teikningum af fólki sem stór upp úr á árinu 2020.

Þarna koma fyrir t.d. þríeykið, Katrín Jakobs og Helgi Bjöss. Við byrjuðum á því að framleiða 65 eintök af spilinum og erum komin langleiðina með að selja þau öll.

# FORELDRARÖLT Í SUMAR

Í sumar ætlum við að halda úti foreldrarölti á föstudagskvöldum eins og hefur verið í vetur.

Með því að taka þátt hefur þú áhrif á hverfisbraginn og það félagslega umhverfi sem börnin í hverfinu, þín börn þar með talin, búa í. Það eru margar góðar ástæður fyrir því að foreldrarölt er gott, mikilvægasta ástæðan er þó sú að okkur er ekki sama. Okkur er ekki sama um hverfið okkar og okkur er ekki sama um hin börnin. Við viljum varna því að unglingar lendi í vanda og við viljum koma í veg fyrir hópamyndanir eftir að útivistartíma lýkur. Góður andi í hverfinu hefur góð áhrif á öll börnin sem þar búa.

Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

**Minum á facebook like síðuna: Foreldrarölt Mosfellsbæjar**

Kær kveðja,

Félagsmiðstöðin Ból og foreldrafélög grunnskóla Mosfellsbæjar



**SAMMOS**

SAMTÖK FORELDRAFÉLAGA  
GRUNNSKÓLA MOSFELLSBÆJAR

ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ  
MOSVERJIA



Sumarnámskeið  
fyrir 7-10 ára börn  
sem elska ævintýri  
og útiveru!

Nánari upplýsingar á facebook og á [sumar@mosverjar.is](mailto:sumar@mosverjar.is). Skráning fer fram á <https://skatar.felog.is/>





KETTLEBELLS ICELAND

# KB ÞRAUTIN 2021

LAUGARDAGINN 22. MAÍ

- LÍKLEGA SKEMMTILEGASTA HLAUP LANDSINS!
- UTANVEGAHLAUP MEÐ FJÖLBREYTTUM ÞRAUTUM
- SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR Á [WWW.KETTLEBELLS.IS](http://WWW.KETTLEBELLS.IS)

KB þrautin tekur 1-3 klukkustundir. Tekjur frá deginum fara til heilsueflandi málefna í Mosfellsbæ.





# FRAM UNÐAN Á BARION



Enski boltinn alltaf í beinni - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 15. MAÍ

## EYJATÓNLEIKAR Í BEINU STREYMI

Við sýnum tónleikana Á sama tíma - á sama stað beint frá Hörpu kl. 20:00. Fram koma: Jón og Friðrik Dór Jónssynir, Ingó Veðurguð, Sigga Beinteins, Matti Matt, Katrín Halldóra og fleiri. Tónleikar með sumarlegu ívafi - frítt inn.



— 18. MAÍ  
— 20. MAÍ  
— 22. MAÍ

## EUROVISION-VEISLA Á BARION

Við sýnum frá Eurovision í Rotterdam þar sem Daði og Gagnamagnið keppa fyrir Íslands hönd. Undanúrslitakvöld þriðjudag og fimmtudag og úrslitin svo á laugardagskvöld. Horfum saman í bestu hljóð- og myndgæðum á risakjám á Barion. Gamli bankinn verður að Gleðibanka. Áfram Ísland!



— 21. MAÍ

## TRÚBADORAKVÖLD MEÐ MAGGA HAFDAL

Maggi Hafdal mætir með gítarinn föstudagskvöldið 21. maí og syngur alla helstu partý-slagarana í bland við óskalög gesta. Lifandi tónlist kl. 21-23.



— 27. MAÍ

## SUMARBINGÓ Á BARION

Bingókvöld fullorðna fólksins fimmtudaginn 27. maí. Glæsilegir vinningar að vanda, m.a. 100.000 kr. inneign í Nettó og 50.000 kr. í Húsgagnahöllinni. Bingóstjóri Hilmar Gunnarsson. Tryggðu þér sæti á Barion.is



— 29. MAÍ

## PÉTUR JÉSÚ MEÐ GÍTARINN

Tónlistarmaðurinn Pétur Örn Guðmundsson skemmtir á Barion laugardagskvöldið 29. maí. Skemmtileg tónlist í bland við glens og grín kl. 21-23. Pétur er m.a. söngvari hljómsveitanna Buff og Dúndurfrétta. Frítt inn.

HÆGT ER  
AÐ PANTA  
BORD Í SÍMA  
456-4040

  BARION\_MOSO

PVERHOLTÍ 1 | 270 MOSFELLSBÆ | S. 787-7000 | WWW.BARION.IS | BARION@BARION.IS

FRÍTT  
INN



EYJATÓNLEIKAR Í BEINNI  
Á LAUGARDAGINN 15. MAÍ KL. 20:00  
Á SAMA TÍMA, Á SAMA STAÐ  
LANDSLIÐ TÓNLISTARMANNA KEMUR FRAM



FRÍTT  
INN

ÁFRAM ÍSLANDI  
EUROVISION Í BEINNI  
18., 20. OG 22. MAÍ



BARION LAGER  
SUMARLEGT BRAGÐ

SUMARLAGER BARION ER KOMINN Á KRANA  
BEINT FRÁ BÝLI (BRUGGHÚSINU OKKAR)



SUMARBINGÓ

FIMMTUDAGINN 27. MAÍ KL. 21:00

GLÆSILEGIR VINNINGAR!

BINGÓSTJÓRI: HILMAR GUNNARSSON

TRYGGDU ÞÉR SÆTIMED ÞVÍ AD KAUPA TVÖ SPJÖLD Á BARION.IS (2X1.500 KR.)

ÞVERHOLTÍ | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 456 4040 | WWW.BARION.IS

BARION  
MATBAR




# sumarLestur

í Bókasafni Mosfellsbæjar

27. maí - 20. ágúst 2021

Vikulegir vinningar fyrir  
heppna þátttakendur  
í allt sumar!



Skemmtilegar smiðjur yfir  
sumartímann.

Hjálpíð okkur að búa til stærsta  
lestrartré sem sést hefur í  
Mosfellsbæ!



# Harry Potter

## RITSMIÐJA

fyrir 10-12 ára börn

í Bókasafni Mosfellsbæjar

14.-16. júní kl. 13-15:30

Smiðjustjóri er Arndís Þórarinsdóttir  
rithöfundur. Hún mun ásamt þátttakendum  
skoða sagnagerð út frá bókunum um  
Harry Potter.

Smiðjan er ókeypis og allt efni  
innifalið. Takmarkaður fjöldi  
þátttakenda og skráning  
því nauðsynleg.

Skráning fer fram í Bókasafninu.



## AÐALFUNDUR

Skógræktarfélags  
Mosfellsbæjar

verður haldinn þriðju-  
daginn 18. maí kl. 20:00 í  
sal Björgunarsveitarinnar  
Kyndils í Mosfellsbæ,  
Völuteigi 23.



### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar 2020
3. Reikningar félagsins 2020
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um félagsgjöld 2021
6. Kosning stjórnar og endurskoðenda
7. Önnur mál

Tillögur að breytingum á lögum félagsins verða lagðar fram  
til samþykktar á fundinum. Tillögurnar er hægt að skoða á  
vef skógræktarfélagsins [www.skogmos.is](http://www.skogmos.is)

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum mun Brynjólfur  
Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands halda erindi  
um stöðu, hlutverk og framtíðarsýn SÍ.

Vegna Covid-19 verða engar veitingar að loknum fundinum.  
Farið verður eftir 2 m reglunni og verður spritt á staðnum.



Davíð Ólafsson lög. fast.  
[david@fastborg.is](mailto:david@fastborg.is)

## ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta  
HRINGDU Í 897-1533

## BORG

FASTEIGNASALA



MOSFELLSBÆR

## Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum  
má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

[www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)





# TRÍO

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

# 1.840 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á  
NETINU EÐA  
MEÐ APPINU OG  
GREITT FYRIR FRAM

# 3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF  
MATSEÐLI Á SJÓÐ-  
HEITU TILBOÐSVERÐI  
Í HVERJUM MÁNUÐI



# STÓR -PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



# Draumurinn orðinn að veruleika

**F**yrsti íslenski rjómalíkjörinn, Jökla, kemur á markað í dag, fimmtudaginn 13. maí. Pétur Pétursson mjólkurfræðingur hefur þróað drykkinn síðastliðin 14 ár en þetta er í fyrsta sinn hérlendis sem framleiddur er áfengur drykkur úr íslenskri mjólk og þar sem mysa er nýtt við gerð líkjörs.

Pétur fékk hugmyndina eftir að hafa fengið að smakka heimatilbúinn líkjör úr hrímaðri mjólkurkönnu beint úr frystinum hjá bónda á Ítalíu. Hann ákvað þegar heim var komið að gera tilraunir með sinn eigin drykk og nú er sá draumur orðinn að veruleika.

Pétur er fæddur í Reykjavík 30. júlí 1964. Foreldrar hans eru þau Matthildur Jóhannsdóttir söngkona og Pétur Guðmundsson búfræðingur.

Pétur á þrjú systkini, Ragnheiði f. 1959, Baldvin f. 1962 og Alan Má f. 1976.

## Man hvað hún skrifaði vel

„Ég flutti í Mosfellsveit þegar ég var tveggja ára gamall og foreldrar mínir byggðu sér hús í Markholti 18. Það var gaman að fá nokkur uppeldisár í sveitinni, svona sveit með sjarma.

Ég man þegar Ragnheiður systir mín keppti í sundi á 17. júní í Varmárlaug. Ég var svo stoltur þegar hún stakk sér til sunds því nánast allir Mosfellingar voru mættir til að horfa.

Þegar ég var 7 ára þá fluttum við til Reykjavíkur og ég ól manninn í Vogahverfinu. Ég var því fyrstu tvö árin mín í skóla-skyldu í Varmárskóla og ég man hvað Klara Klængsdóttir kennarinn minn skrifaði vel, ég vildi alltaf skrifa svona vel eins og hún.

Ég fór svo í Vogaskóla og kláraði grunn-skólann þar, smíði, skrift og landafræði voru mín uppáhaldsfög ásamt íþróttunum.

Staða mín er því sú að ég held bæði með Aftureldingu og Þrótti,“ segir Pétur og brosir.

## Fór til Danmerkur í nám

Pétur var ekki viss um hvað hann langaði til að gera eftir grunnskólanámið svo hann fór að vinna sem aðstoðarbókbindari. Síðar hóf hann störf sem tollvörugæmsluvörður hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Hann byrjaði í rafvirkjanámi en fór síðan til Danmerkur í mjólkurfræðinámi og bætti svo við tæknifræðinámi. Árin í Danmörku urðu fimm, bæði við nám og störf.

Eigin kona Péturs er Sigríður Sigurðardóttir viðkiptafræðingur en hún starfar hjá Marel. Þau eiga tvö börn, Sindra Þór f. 1987 sem starfar sem flugumsjónarmaður hjá SunAir í Danmörku og Stefaníu Ósk f. 1995 en hún er í mastersnámi í iðnaðarverkfræði í Danmörku. Barnabarnið Benjamín Thor er fæddur 2020.

„Við fjölskyldan fluttum í Mosfellsbæ árið 2000 eftir ábendingu um frábæra eign frá Sigrúnu Björgu frænku minni. Hér líður okkur vel og útivera er í miklu uppáhaldi



Fjölskyldan. Pétur, Sindri Þór, Dominika, Sigríður, Sigurður, Adda Mjöll og Stefanía Ósk.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

hjá okkur fjölskyldunni, hlaup, ganga og hjólríðar og að sjá um að hundarnir fái sína hreyfingu. Við förum öll á skíði og höfum stundað þau vel, fjalla-, svig- og göngu-skíði. Það er ekkert betra en að vera úti í náttúrunni,“ segir Pétur.

## Tökum púlsinn á búskapnum

„Eftir heimkomu starfaði ég sem mjólkurfræðingur hjá Emmessís en fór síðan út í sölumennsku. Starfaði hjá Sápugerðinni Frigg og sá þar um sölu á hreinlætisvöru fyrir landbúnaðinn. Leiðin lá síðan til Áburðarverksmiðjunnar sem síðar sameinadist Föðurböndunni þar sem ég starfa í dag sem sölustjóri.

Ég hitti bændur reglulega og við tökum saman púlsinn á búskapnum og gerum hann enn betri.“

## Hún var stoð mín og stytta

„Ég fór líka út í það að læra óperusöng og hóf nám í Söngskólanum í Reykjavík, fyrst í almennt söngnám, síðan í ljóða- og aríudeild skólans. Minn aðalkennari var Snæbjörg Snæbjarnardóttir, hún leiddi mig í gegnum námið og var mín stoð og stytta. Einnig kenndi Garðar Cortes mér tæknina í óperukórnum og Signý Sæmundsdóttir.

Að námi loknu tók ég þátt í minni fyrstu óperu, Leðurblökunni eftir Strauss, sem frumsýnd var í Íslensku óperunni árið 1999. Þessi uppfærsla var síðan sýnd einu sinni í Færeijum og spannar það allan minn erlenda söngferil í óperusöng.

Alls urðu óperurnar 16 sem ég tók þátt í og er mér minn-

isstaðust fyrsta óperan sem frumsýnd var í Hörpu, Töfraflautan eftir Mozart, en hún var sýnd fyrir fullu húsi kvöld eftir kvöld.

Pannig að það má nú segja að ég hafi fetað í fótspor foreldra minna þar sem ég starfa bæði við landbúnað og söng,“ segir Pétur og hlær.

## Viðbrögðin létu ekki á sér standa

Það hefur alltaf blundað í Pétri að gera eitthvað sérstakt úr mjólk og eins og áður sagði þá fékk hann hugmynd að framleiðslu rjómalíkjörsins Jöklu eftir að hafa smakkað heimatilbúinn mjólkurlíkjör hjá bónda á Ítalíu. Honum fannst þetta skemmtileg stemning og bragðið kom honum virkilega á óvart.

„Ég hófst handa við að koma hugmyndinni í framkvæmd og byrjaði að dunda við þetta í eldhúsinu heima hjá mér. Gestum og gangandi var gefið að smakka, viðbrögðin létu ekki á sér standa svo ég fór yfir á næsta stig og fór alvarlega að huga að framleiðslu á drykknum.“

» **Mér finnst ég standa í þakarskuld við íslenskan landbúnað og bændur og vona svo sannarlega að hægt verði til framtíðar litið að auka við mjólkurkvótann.**

## Sá hvítlyssandi jökulá

Í þróunarferlinu fékk Pétur styrk frá verkefninu „Mjólk í mörgum myndum“ við að vinna að hugmynd sinni en verkefnið var á vegum Auðhumlu og Matís sem veitir nýsköpunarstyrki til að prófa nýjar vörur úr mjólk.

## HIN HLIÐIN

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?** Þegar ég lenti í Kaupmanna-höfn á föstudaginn langa árið 1986 á leið í mjólkurfræðinámi.

**Fullkominn laugardagur?** Fjallaskíði með konunni og öllum þeim sem vilja koma með.

**Eitt atriði um þig sem fólk veit ekki um?** Lavaredo utanvegahlaupið mitt, hljóp 55 km í ítölsku Dolomita fjöllum, upp og niður.

**Uppáhaldsgræjan á heimilinu?** Heiti potturinn úti í garði.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Að þurfa bíða og bíða og bíða.

**Bestu kaup sem þú hefur gert?** Að eiga fasteign í Mosfellsbæ.

**Ef þú mættir taka með þér leynigast í matarboð, hver yrði fyrir valinu?** Guðni Ágústsson fv. landbúnaðarráðherra.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Bóndi.



PÉTUR 4 ÁRA



PÉTUR OG DIDDÚ Í TÖFRAFLAUTUNNI



FEDGARNIR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

„Ég vildi hafa líkjörinn eins íslenskan og eins mikið unninn úr mjólkinni og hægt er og ég kalla hana hvíta gullið. Ég er að breyta mjólk í vín og nota mjólk og rjóma og eins viðbætt mjólkurpróteín í stað þykkingarefna. Eins er sjálfbærni í Jöklu þar sem búinn er til vínandi úr ostamysu sem annars væri hent. Vinsælustu bragðefni Íslendinga eru súkkulaði og lakkrís og var því tilvalið að vinna með það svo ég bætti þeim bragðefnum við drykkinn.

Á upphafsárunum var ég að gera tilraunir með vanillukorn og rjóma. Ég hristi profuglasíð og sá þá fyrir mér hvítlyssandi jökulá með sandkornum á flegiferð í tilraunaglasinu. Þá hugsaði ég að þetta væri eins og stórbrotin jökulá á Íslandi, þá kom nafnið sjálfkrafa upp í kollinum á mér, Jökla.“

## Stór stund fyrir mig og mína fjölskyldu

„Mér finnst ég standa í þakarskuld við íslenskan landbúnað og bændur og vona svo sannarlega að hægt verði til framtíðar litið að auka við mjólkurkvótann um heilan helling nú þegar sala á Jöklu hefst frá og með deginum í dag.

Eftir 14 ára þróun er draumur minn loks orðinn að veruleika, þetta er stór stund fyrir mig og mína fjölskyldu sem hefur staðið þétt við bakið á mér.

Ég held að þessi drykkur eigi eftir að falla vel í kramið bæði hjá landsmönnum og ferðamönnum,“ segir Pétur sem er ekkert annað en bjartsýnn á að vel takist til.



# Komdu í sund!

*Góð leið til heilsubótar*



## Lágafellslaug

Opið virka daga: kl. 6:30-21:30.  
Opið um helgar: kl. 08:00-19:00.

**Uppstigningardagur** (13. maí) kl. 09:00-18:00

**Hvítasunnudagur** (23. maí) kl. 09:00-18:00

**Annar í Hvítasunnu** (24. maí) kl. 09:00-18:00



## Varmárlaug

Opið virka daga: kl. 15.00-21.00.  
Lau. kl. 08:00-17:00. Sun. kl. 08:00-16:00.

**Uppstigningardagur** (13. maí) kl. 09:00-16:00

**Hvítasunnudagur** (23. maí) Lokað

**Annar í Hvítasunnu** (24. maí) kl. 09:00-16:00

## Varmárlaug

Róleg og notaleg sveitalaug í heillandi umhverfi



# HEITIR SUNNUDAGAR

**16. maí | 23. maí | 30. maí**

Alla sunnudaga í maí býður sundlaugin að Varmá upp á heita sunnudaga.

**Þá er hitastig sundlaugarinnar hækkað í 34-36°.**



**GLEÐIAUKANDI RÁÐ**



**VIÐ ERUM Í SUNNUKRIKA 3.  
VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN.**

Sunnukriki 3  
566 7123

[www.apotekarinn.is](http://www.apotekarinn.is)

**Apótekarinn<sup>+</sup>**  
Mosfellsbæ

## LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR

**auglýsir eftir umsóknum fyrir sýningarárið 2022**

Listasalur Mosfellsbæjar er í hjarta bæjarins, staðsettur inn af Bókasafni Mosfellsbæjar. Sýningar standa að jafnaði um fjórar vikur. Salurinn er lánaður endurgjaldslaust. Öllum umsóknum svarað.

**Sótt er um rafrænt á [www.bokmos.is/listasalur](http://www.bokmos.is/listasalur)  
Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2021**



Listasalur Mosfellsbæjar, Kjarni, Þverholt 2, 270 Mosfellsbær - 566 6822 - [listasalur@mos.is](mailto:listasalur@mos.is)  
[facebook.com/listasalurmoso](https://facebook.com/listasalurmoso) - [instagram: listasalur\\_moso](https://instagram.com/listasalur_moso)





# Sælla er að gefa

# en þiggja



  
**Samhjálp**

## Styrktarmót fyrir Hlaðgerðarkot og sumarþúðirnar í Reykjadal

Laugardaginn 22. maí á Hlíðavelli  
hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar

Skráning hefst fimmtudaginn 13. maí

Styrktarreikningur mótsins er

**116 - 26 - 329**

**kt. 650581-0329**

Framlög renna til Hlaðgerðarkots og sumarþúðanna í Reykjadal

**Skannaður QR kóðann eða leitaðu að Palla  
open á Facebook fyrir nánari upplýsingar**



REYKJADALUR





## Framtíðarsýn kynnt á aðalfundi UMFA

Aðalfundur Aftureldingar var haldinn í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ þann 29. apríl. Auk hefðbundinna fundarstarfa kynntu Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar og Birna Kristín formaður Aftureldingar skýrslu sem Efla vann í sam-



starfi við Mosfellsbæ og Aftureldingu um framtíðarsýn íþróttasvæðisins að Varmá. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að þjónustu- og aðkomubygging er mest aðkallandi, sem innifelur búningasklefa, gestamóttöku og félagsaðstöðu. Í annan stað er lagt til að efla knattspyrnusvæðið í heild sinni, með fjölgun valla, stúkubyggingu o.fl. Viðhald á núverandi húsnæði er einnig brýnt, sturtur í búningasklefa fimleikadeildar auk viðhalds á öðrum búningasklefum hússins sem er nú þegar í farvegi. Birna Kristín Jónsdóttir formaður bauð sig áfram fram til formanns Aftureldingar og er því sjálfkjörin til eins árs. Auk hennar sitja áfram í stjórn Sigurður Rúnar Guðmundsson gjaldkeri, Erla Edvarsdóttir, Geirarður Long, Gunnar Skúli Guðjónsson, Lára Berglind Helgadóttir og Reynir Ingi Árnason.

## Elding komin út - allt um boltann

Undanfarna daga hafa sjálfboðaliðar í Aftureldingu og leikmenn Hvíta riddarans borið út knattspyrnutímaritid Eldingu á heimili í Mosfellsbæ og Kjalarnesi. Vonandi hefur blaðið skilað sér í allar lúgur, en ef einhvern vantar blaðið er hægt að sækja sér eintak í íþróttamiðstöðinni á Varmá. Í blaðinu er að finna allar helstu upplýsingar um knattspyrnuna í sumar, Aftureldingu, Hvíta riddarann og Álafoss.



## Fótboltinn byrjaður að rúlla á fullu

Strákarnir gerðu jafntefli í fyrsta leik sumarsins á Fagverksvöllinum og leika næst heima gegn ÍBV föstudaginn 21. maí kl. 18. Stelpurnar, sem einnig spila í Lengjudeild og gerðu líka jafntefli í fyrsta heimaleik mæta Víkingi laugardaginn 22. maí kl. 14.



## Lét af störfum hjá Aftureldingu fyrr á árinu • Þjálfari frjálsíþróttadeildarinnar í 27 ár Hlynur frjálsíþróttabjálfi heiðraður



GEIRARÐUR LONG STJÓRNARMÁÐUR AFTURELDINGAR OG HLYNUR CHADWICK

Hlynur Chadwick Guðmundsson fyrrum þjálfari í frjálsíþróttadeild Aftureldingar var heiðraður á aðalfundi Aftureldingar þann 29. apríl, en hann lét af störfum hjá Aftureldingu fyrr á árinu.

### Þjálfari frjálsíþróttadeildar í 27 ár

Það var mikið gæfuspor fyrir Aftureldingu þegar Hlynur flutti í Mosfellsbæinn árið 1992. En eitt af því fyrsta sem hann gerði var að skrá eldri dóttur sína, Helgu Ósk, í frjálsíþróttadeild Aftureldingar. Stuttu síðar tók Hlynur við sem frjálsíþróttabjálfi Aftureldingar.

Hlynur var þjálfari deildarinnar frá 1993 til 2020, samtals í 27 ár, á þeim árum var hann einnig yfirþjálfari deildarinnar. Hlynur var formaður frjálsíþróttadeildarinnar á árunum 1998-2012.

### Frumkvöðull í eðli sínu

Hlynur hélt uppi heiðri stórmóts Gogga galvaska eftir að hann byrjaði að þjálfra í deildinni og Goggi galvaski varð einn stærsti viðburður í frjálsíþróttum á landinu á sínum tíma, hátt í aldarfjórðung.

Hlynur átti stóran þátt í að endurvekja hið sögufræga Álafosshlaup sem hafði legið í dvala og ekki verið haldið skipulega í mörg ár. Þess má geta að þetta hlaup er 100 ára í ár.

Hlynur er mikill frumkvöðull í eðli sínu og átti til að mynda fyrstur manna ketilbjöllur á Íslandi og eins var það með nuddrúllur sem hann keypti að utan, þær vorum öllum framandi þegar þær komu fyrst í íþróttahúsið.

## Frábært keppnistímabil í Grill 66-deild • Sigrúðu Víking í lokaleik og enduðu með 24 stig

# AFTUR UPP Í OLÍS-DEILD

FAGNAÐ Í KLEFANUM EFTIR AÐ LJÓST VAR AÐ ÞÆR VÆRU KOMNAR Í DEILD ÞEIRRA BESTU



Myncl/Raggjólá

**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



Níu iðkendur Taekwondo í Aftureldingu þreyttu prófið

# Níu fengu svarta beltíð

Laugardaginn 1. maí fór fram svartbeltispróf á vegum Taekwondosambands Íslands, yfirdómari var Helgi Rafn Guðmundsson 4. dan. Nítján iðkendur frá fjórum félögum tóku prófið, þar af níu frá Aftureldingu.

Forprófinu var skipt upp í bóklegan og verklegan hluta þar sem voru þrek og hraðapróf. Í lokaprófinu var meðal annars prófað í formum, tækni, sjálfsvörn, bardaga og brotum.

Þau sem tóku prófið og stóðust með glæsibrag voru: Apena Rán Stefánsdóttir 1. poom, Ásta Kristbjörnsdóttir 1. poom, Ásthildur Emma Ingileifardóttir 2. dan, Daníel Viljar Sigtryggsson 1. dan, María Guðrún Sveinbjörnsdóttir 3. dan, Regína Bergmann Guðmundsdóttir 1. dan, Róbert Mikael Óskarsson 1. dan, Vígsteinn Frosti Hauksson 1. poom, Wiktor Sobczynski 2. dan.



MEÐ SVARTA BELTIÐ



STELPURNAR EFTIR SIGURLEIK

## Kepptu á Ísafirði

Stelpur úr 7. flokki Aftureldingar fóru á dögunum til Ísafjarðar og kepptu á Íslandsmótinu í körfubolta. Þær kepptu þrjá leiki í C deild og unnu m.a. heimastúlkurnar í Vestra. Flottur árangur, en flestar byrjuðu að æfa körfu í haust.

Mikill uppgangur hefur verið í körfuknattleiksdeild Aftureldingar síðastliðin ár og eru nú iðkendur orðnir 125 og þar af stelpurnar orðnar 30.



TILHLÖKKUN Í HÖPNUM

## Óhefðbundin fjáröflun fyrir Orkumótið

Strákarnir á eldri ári í 6. flokki eru á leið á Orkumótið í Vestmannaeyjum í lok júní. Þeir blésu til fjáröflunar og í stað þess að fara hefðbundna leið var ákveðið að skella í áskorun og áheitasöfnun. Vikuna 30. apríl-7. maí hétu strákarnir því að ganga á þrjú fell, Mosfell, Helgafell og Reykjafell. Þeir söfnuðu áheimum meðal fjölskyldu, nánanna og vina og söfnun gekk glimrandi vel. Þá var bara að standa við stóru orðin, því þótt hluti strákanna séu fjallagarpr-

ar, þá höfðu margir afskaplega litla reynslu (og áhuga) á því að labba á fellin okkar. Þessi vika reyndist hin besta skemmtun og hrúguðust inn myndir á Facebook af frísklegum strákum á toppi fellanna.


Sumir fengu eitt fell í kaupbæti því það kom í ljós að langt frá því allir Mosfellingar vita hvar þessi fell eru! T.d. var „óvart“ gengið á Æsustaðafjall og Úlfarsfell aukalega. Á myndunum má sjá hressa stráka sem eru ákveðnir í að fara á fleiri fell.



# AFTURELDING

SUMARNÁMSKEIÐ

SUMARNÁMSKEIÐIN ERU FRÁBÆR LEIÐ TIL AÐ PRÓFA ÍPRÓTTIR OG KYNNAST Í LEIÐinni ÞÁLFURUNUM



FIMLEIKAR - 8:00- 16:00



HANDBOLTI - 9:00- 12:00



SUND OG FRJÁLSAR  
SAMEIGINLEG NÁMSKEIÐ FRÁ 9:00- 16:00



KNATTSPYRNA - 9:00- 12:00



KÖRFUBOLTI - 9:00- 12:00

Frekari upplýsingar á: [AFTURELDING.IS/AFTURELDING/SUMARNAMSKEID/](https://afturelding.is/afturelding/sumarnamskeid/) Í tölvupósti á: [HANNABJORK@AFTURELDING.IS](mailto:hannabjork@afturelding.is)






SPJALLIÐ MEÐ

# GÓÐVILD

ÞRIÐJUDAGA  
Á VÍSI



## SUMARFJÖR BÓLSINS

13:00 - 15:30

FYRIR 5. - 7. BEKK

Mánudagur

Þriðjudagur

Miðvikudagur

Fimmtudagur

Vika 1

**Hópleikir**

**Rattleikur**

**Vatnsstríð**

**Hópleikir  
& pizza**

Vika 2

**Málum úti**

**Kíló**

**Íþróttadagur**

**Vatnsstríð, tónlist  
& pylsur**

Vika 3

**Fótboltamót**

**Vatnsstríð**

**Rattleikur**

**Sundferð & ís**

Vika 4

**Útileikir  
& keppni**

**Leiklist**

**Sund &  
wipeout**

**Hópleikir  
& pizza**

Skráning fer fram á nóra & kostar vikan 2500 kr- nánari upplýsingar inn á [bolid.is](http://bolid.is)  
Einnig verða tvær vikur í boði í ágúst - með fyrirvara um breytingar





# Sumar NÁMSKEIÐ

## FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**Bókasafn Mosfellsbæjar** - Ritsmiðja fyrir 10-12 ára  
**Bókasafn Mosfellsbæjar** - Sumarlestur  
**Leikgleði** - Námskeið fyrir 6-16 ára hjá Leikfélagi Mosfellssveitar  
**Myndlistarskóli Mosfellsbæjar** - Sumarnámskeið fyrir 6-11 ára  
**Húsdýragarðurinn á Hraðastöðum**  
**Reiðskóli Hestamenntar**  
**Sumarnámskeið Lágafellskirkju** fyrir 6-9 ára krakka  
**Sundnámskeið** Kobba krókóðils og Hönnu hafmeyju  
**Ævintýranámskeið Mosverja**  
**Minna Mosfell-Minjar** Vinnustofa fyrir 9-13 ára  
**Minna Mosfell-Teikum dýrin** Vinnustofa fyrir 8-12 ára

**Öflugt sumarstarf verður í ár en fjöldi námskeiða hefur aldrei verið meiri. Eftirfarandi deildir verða með námskeið:**

**Sumarfjör ÍTÓM** Áhersla á útvist og almennar íþróttir ásamt tómstundum.  
**Golf- og leikjanámskeið GM**  
**Frjálsíprótta- og sunddeild Aftureldingar** sameinast í heilsdagsnámskeið  
**Knattspyrnuskóli Aftureldingar** heldur sitt árlega námskeið  
**Handboltadeild Aftureldingar** fyrir alla krakka í 1.-5. bekk.  
**Fimleikadeildin** býður upp á fjölbreytt námskeið, heilan og/eða hálfan dag  
**Körfuknattleiksdeild Aftureldingar** heldur sitt árlega námskeið

**Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglunga í Mosfellsbæ.**

**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á [www.mos.is/sumarfrístund](http://www.mos.is/sumarfrístund)**

Allir þeir sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglunga geta sent upplýsingar á netfangið [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is)



MOSFELLSBÆR





# Hestar og menn

Hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ var stofnað árið 1950. Í bænum okkar er því löng og rík hefð fyrir hestamennsku og umferð ríðandi fólks, þótt vissulega hafi margt tekið breytingum á þessum 70 árum, bæði byggðin og líka hestamennskan sjálf, en hún er nú orðin fjórða stærsta íþróttagreinin innan ÍSÍ.

Hestamennska er margs konar, líkt og aðrar íþróttir, sumir æfa fyrir keppni, aðrir til langferða, enn aðrir stunda hana til þess að njóta útivistar og samveru með hestinum. En það er pláss fyrir alla innan hestamennskunnar, fólk af öllum aldri og stigum samfélagsins sameinast í ást á hestum og hestamennsku. Nærveran við dýrin gefur fólki sérstaka sálarró, hestar eru sannir vinir.

Undanfarið hefur borið á mikilli og háværri umræðu um árekstra á milli hestamanna og annarra vegfarenda sem eru að stunda útivist. Reiðleiðir og aðrir stígar skarast eða liggja hver nærri öðrum, fólk fer inn á stíga sem eru sérmerktir annarri umferð og svo framvegis. Jafnvel hefur fólk slasast þegar hestar hafa brugðist við áreitinu á þann hátt að leggja á flótta, verandi flóttadýr.

En það er alls ekki þannig að við knapar séum farþegar sem eru stanslaust í hættu, alls ekki. Fram fer samspil manns og hests, hesturinn treystir á knapann og að hann leiði og leysi þau verkefni sem báðir standa frammi fyrir. Almennt og yfirleitt gengur þetta allt að óskum og allir njóta sín, hestamenn og aðrir. Eðli hestsins getur þó orðið allri samvinnu yfirsterkara ef flóttaviðbragðið tekur yfir. Stundum nær knapi að vinna traust strax aftur og hesturinn vinnur sig út úr óttanum. Stundum tekst það ekki og þá getur hlotist slyss af, jafnvel alvarlegt. Hesturinn er annar hugur og annað hjarta,



rökhugsun er ekki til staðar. Þetta er mikilvægt að þekkja sé maður í samskiptum við hesta, eða vegfarandi þar sem hestar og hestamenn eru á ferð.

Íþróttamannvirki okkar hestamanna eru að stærstum hluta reiðvegirnir. Við sjáum að hluta um að leggja þá, sinna viðhaldi og margir þeirra eru alveg sérstaklega byggðir upp fyrir ríðandi umferð. Önnur umferð getur hreinlega valdið skemmdum á þeim. Sérmerktir reiðstígar eru merktir með boðmerki. Boðmerkið sem er hvítur hestur á bláum grunni þýðir að stígurinn er eingöngu ætlaður hestamönnum. Önnur umferð er bönnuð. Svo eru til sameiginlegir stígar þar sem hestamenn geta átt von á annarri umferð og þurfa að sýna sérstaka aðgát eins og aðrir sem þá stíga nota. Kurt-eisi, skilningur og tillitssemi er lykillinn að því að okkur öllum gangi vel að nýta þessi svæði saman.

Sáttmáli milli hestafólks og annarra vegfarenda um umferðaröryggi var undirritaður um síðustu helgi. Útivistarhópar hafa nú tekið höndum saman um að fræða almenning um það hvernig allir þessir hópar geti deilt saman heilbrigðri og öruggri útiveru. Hægt er að sjá sáttmálann og nánar um hverjir standa að honum á vef Samgöngustofu [www.samgongustofa.is/](http://www.samgongustofa.is/) hestarogumferd. Á sama tíma var gefið út fræðslumyndband sem einnig er að finna á vefnum og á heimasíðu hestamannafélagsins Harðar [www.hordar.is](http://www.hordar.is).

Það er von mín að með víðtæku samtali, fræðslu og gagnkvæmri virðingu takist okkur að njóta útiveru í sátt og samlyndi hvert við annað.

Margrét Dögg Halldórsdóttir  
Formaður hestamannafélagsins Harðar

# Snjallar lausnir og betri þjónusta í skólamállum

Skólamálin eru einn mikilvægasti málaflokkur Mosfellsbæjar og hefur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna ávallt lagt mikla áherslu á málaflokkinn ásamt því að auka og bæta þjónustu við barnafjölskyldur.

Í málefnaþingningu flokkanna tveggja stendur m.a. að fjölga eigi plássum á ungbarnadeildum þannig að fleiri 12 mánaða gömul börn fái leikskóla-pláss á kjörtímabilinu, að lækka skuli leikskólagjöld og halda áfram að bæta upplýsingatæknimál skólanna. Einnig kemur fram í málefnaþingningunni að endurbæta eigi skóláhúsnæði, bæði ytra byrði húsnæðis og vinnuástöðu kennara og nemenda. Við þetta hefur verið staðið og áfram höldum við að gera góðan bæ enn betri.

Mikið átak hefur verið gert í upplýsingatæknimálum í grunnskólum og lengri sumarfrístund fyrir nemendur sem hefja skólagöngu í Varmárskóla og Lágafellsskóla er nýjasta viðbótin við bættu þjónustu við barnafjölskyldur í Mosfellsbæ.

## Snjallir skólar

Árið 2019 hófst mikil umbótavinna varðandi upplýsingatæknimálin í grunnskólum bæjarins og í framhaldi af þeirri vinnu var gerð áætlun um tækjakaup til rafræna kennsluhátta. Allir nemendur hafa nú aðgang að svokölluðum Krómbókum og spjaldtölvum og aukast nú tækifæri til að vinna að verkefnum með rafrænum hætti.

Gerður hefur verið samningur um Seesaw aðgang fyrir alla nemendur í 1.-6. bekk og kennara þeirra en það eru rafrænar ferilmóttur sem einfalda kennurum, nemendum og foreldrum að fylgjast með náminu. Nemendur á unglingsstigi vinna með Google for Education eða rafræna kennslustofu. Útdeiling á Krómbókum og spjaldtölvum miðaði við stöðu tækjæignar í hverjum skóla og þess gætt að tækjakostur sé nú sambærilegur milli grunnskólanna.

Upplýsingateymi kennara og stjórnmenda



eru í skólunum og ráðinn hefur verið verkefnastjóri til að hafa yfirumsjón með upplýsingatæknimálum og búnaði. Skólarnir eru nú mun betur settir með að undirbúa nemendur fyrir framtíðina en tækniþróun er hröð og óhætt að segja að framtíðin er núna. Skólaþróun í Mosfellsbæ heldur áfram

og eru þetta stór skref sem stigin hafa verið í rétta átt.

## Sumarfrístund fyrir 6 ára börn

Frá 9.-20. ágúst næstkomandi verður boðið upp á Sumarfrístund fyrir sex ára börn í Varmárskóla og Lágafellsskóla. Sumarfrístund er eins konar skólaaflögungu fyrir sex ára börn sem eru að hefja skólagöngu og fá þau í sumarfrístund að kynna betur skóláhúsnæðinu og skólalöð. Með sumarfrístund er komið á mót við þarfir margar fjölskyldna þegar sumarfríum er að ljúka og skólarnir að hefjast. Það getur verið krefjandi tími í lífi barnafjölskyldna.

Árið 2019 var í fyrsta sinn boðið upp á sumarfrístund og var sú þjónusta í boði viku fyrir skólabyrjun. Sama fyrirkomulag var árið 2020 og þá einnig fyrir 2. bekk. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir hjá þeim foreldrum sem nýttu þjónustuna og hefur verið aukið við framboðið og einni viku bætt framan við. Sú vika kemur í stað námskeiðsviku hjá íþrótt- og tómtunda-skólanum.

## Barnvænt samfélag

Markmið Mosfellsbæjar er að leita sífellt leiða til að auka og bæta þjónustu við bæjarbúa. Mosfellsbær hefur laðað til sín barnafjölskyldur og leggur ríka áherslu á að mæta á sem bestan og fjölbreyttasta hátt þeim fjölskyldum sem á þjónustu bæjarfélagsins þurfa á að halda.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir  
bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar

# Við erum öll áhrifavaldar!

HEILSU  
HORNID

Flestallt sem við segjum og gerum hefur áhrif á okkur sjálf og einnig þá sem eru í kringum okkur. Því er mikilvægt að við vöndum framkomu okkar, verum meðvitund í samskiptum og gleymum því aldrei að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Reynum að forðast það eftir fremsta megni að dæma fólk því við nefnilega sjaldnast alla söguna.



## Samskiptaboðorðin

Samskipti geta verið alls konar, þau geta t.d. verið gefandi, nærandi, eflandi, slítandi, óútreiknangel, niðurbjótandi, meiðandi, ástríki og þakklát. Hvernig sem þau eru þá hafa þau mikil áhrif á líf okkar, hvernig okkur líður og jafnvel hvernig okkur farnast í lífinu. Samskiptaboðorðin eru runnin undan rifjum Aðalbjargar Stefaníu, á Heilustofnun NLFÍ, og er þeim ætlað að efla þekkingu almennings á nærandi og eflandi samskiptum. Boðorðin eru þessi:

- 1) Horfa** - náðu blíðu augnsambandi til að skapa traust og áhuga.
- 2) Heilsa** - heilsaðu og brostu með augnum. Slíkt sýnir umhyggju, eflir sjálfstraust og öryggiskennd.
- 3) Hlusta** - notaðu virka hlustun og lestu ekki eingöngu í orðin heldur líka hegðun og líkamstjáningu. Sýndu einlægán áhuga og virðingu.
- 4) Hljóma** - notaðu hlýlegan tón og blæbrigði, slíkt eykur sjálfsvirðingu og vellíðan.
- 5) Hrósá** - hrósáðu einlæglega til að styrkja jákvæða hegðun.
- 6) Hjálpa** - vertu til staðar þegar fólk þarfnast þín, slíkt sýnir umhyggju og byggir upp gagnkvæmt traust, vellíðan og öryggi.

Komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Verum jákvæðir áhrifavaldar í eigin lífi og annarra og látum gott af okkur leiða, ávinningurinn er okkar allra!

Ólöf Kristín Sívertsen, lýðheilsufræðingur og verkefnisstjóri Heilsumflandi samfélags í Mosfellsbæ

# Með hækkandi sól

Það má með sanni segja að bjartsýnin sé meiri fyrir þessu sumri en því síðasta, við erum árinu eldri og með reynsluna af Covid í farteskínu.

Ég er bjartsýn á að handboltinn og blakíð nái að klára sín mót og þau mót sem eru nýbyrjuð og eru fram undan nái að rúlla. Við erum nefnilega öll orðin svo góð í því að vanda okkur og aðlagast nýjum aðstæðum. Þetta er nefnilega ekkert flókið í grunninn, ef allir fara eftir fyrirmyndum og vanda sig þá verður þetta ekkert mál.

Ég get allavega alveg viðurkennt að eftir að hafa fengið fyrri sprautuna af bóluefninu þá finnst mér allt í einu eins og ég sjái vel fyrir horn. Mér finnst ég líka orðin vel samræðuhæf bæði komin með eina sprautu og búin að sjá gosið, allt sömu helgina!

Undanfarnar vikur hafa allir aðalfundir verið haldnir í félaginu, þetta hafðist allt saman þrátt fyrir takmarkanir. Fundirnir báru allir þess greinileg merki enda sérlega fámennir í ár, mér fannst reyndar aðalfundurinn okkar of fámennur og leiðinlegt að sjá ekki allavega fulltrúa frá öllum deildum félagsins. Kannski er þetta merki um stöðugleika, ég veit það svo sem ekki en ég fagna því mjög að vinna áfram með sömu stjórn og síðasta starfsár enda frábær hópur og samstíga þó oft séum við ekki alveg sammála þá finnum við alltaf sameiginlega niðurstöðu.

Það eru spennandi tímar fram undan hjá okkur og við höfum mikinn metnað til að bæta okkur sem félag á öllum sviðum. Til að gera gott félag enn betra eru mörg skref sem hægt er að taka, aðstöðumál er eitt af



því sem alltaf má bæta og eru þau mál í góðum farvegi en á aðalfundinum var kynnt niðurstaða skýrslu sem Efla verkfræðistofa vann fyrir Mosfellsbæ sem er þarfagreining á heildarskipulagi og framtíðaruppbyggingu íþróttasvæðisins að Varmá.

Innviðir eru framarlega þegar kemur að því að komast á næsta stað, á aðalfundinum kynnti Sigurður Rúnar gjaldkeri hugmynd að stafrænni framtíð félagsins. Verkefni sem við höfum tekið fyrsta skrefið í með því að greina hvar við erum stödd og hvaða leiðir eru færar. Þetta felur í sér mikla hagræðingu í vinnu bæði starfsfólks og sjálfbodaliða félagsins. Það eru ófá handtökin við að sinna öllu sem þarf að sinna og þar sem við erum bara með þrjá reyndar mjög duglega starfsmenn á skrifstofunni þá eru þetta engu að síður um 1.500 iðkendur og 11 deildir sem öll þurfa sína þjónustu. Þetta verkefni verður kynnt betur innan félagsins á næstunni og ákveðið um næstu skref.

Það er tilefni í lokin til að minnst á að Álafosshlaupið okkar verður 100 ára 12. júní og stendur til að það verði sérlega skemmtilegt í ár og búið að panta gott hlaupaveður, ég hvet ykkur öll til að fara að æfa ykkur til að geta tekið þátt í skemmtilegasta viðavangshlaupi sem sögur fara af.

En með hækkandi sól og rífandi gangi í bólusetningum þá er ég bjartsýn fyrir sumrinu.

Áfram Afturelding!

Birna Kristín Jónsdóttir,  
Formaður Aftureldingar.



# Lifandi málaskrá og dagbók – afdrif málsins

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 30. mars sl. var fyrst á dagskránni mál mitt um „Rafrænan aðgang almennings að málaskrá Mosfellsbæjar“.

Málið er tvíþætt, annars vegar að birta með rafrænum hætti málaskrá stjórnáslu Mosfellsbæjar og hins vegar að birta dagbók bæjarstjóra.

Í 4. tölublaði Mosfellings þann 1. apríl sl. var gerð ýtarleg grein fyrir aðdraganda og tilgangi þess að ég flutti málið en aðalatriðið er að gera almenningi kleift að fylgjast með þeim málum sem beint er að stjórnáslu Mosfellsbæjar og að fá innsýn í dagleg verkefni bæjarstjóra.

Til að upplýsa íbúa Mosfellsbæjar um afdrif málsins er skemmt frá því að segja að málinu var, að tillögu minni, vísað til umsagnar þjónustu- og samskiptadeildar Mosfellsbæjar og er niðurstöðu deildarinnar nú beðið, en um sex vikur eru síðan málið var til afgreiðslu í bæjarráði.

Mikið er talað um að gera almenningi kleift



af fylgjast með og hafa innsýn í daglega stjórnáslu hins opinbera. Aðkoma almennings er stundum bundin í lög og reglur eins og t.d. aðkoma að skipulagsmálum og nú aðgangur að málaskrá Stjórnarráðs Íslands, en annað er valfrjálst eins og til að mynda ofangreint mál mitt.

Hvað varðar Mosfellsbæ er í 1. kafla í Lýðræðisstefnu bæjarins, um stjórnáslu og gegnsæi, meðal annars talað um að íbúar skuli hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins. Í því ljósi geri ég ráð fyrir því að þjónustu- og samskiptadeild Mosfellsbæjar muni leggja fram tillögur um með hvaða hætti opna má aðgang að málaskrá Mosfellsbæjar og dagbók bæjarstjóra.

Ég færi öllum íbúum og starfsmönnum Mosfellsbæjar óskir um gleðilegt sumar.

Stefán Ómar Jónsson,  
bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar.

## Fjölbreyttari ferðamáti

Nú þegar farið er að hrinda í framkvæmd samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins er edlilegt að deilur um einstaka þætti hennar verði háværari.

Áætlað er að að framkvæmdin kosti 120 milljarða og því edlilegt að sitt sýnist hverjum. Framkvæmdir hófust í raun 2019 með breikkun Vesturlandsvegur í Mosfellsbæ og Reykjanesbrautar í Hafnarfirði og er áætlað að þeim ljúki 2033 með lagningu Borgarlínu upp í Mosfellsbæ.

Í þessum sáttmála togast á tvö sjónarmið. Annars vegar áhersla á greiðari leið einkabílsins og hins vegar á aðrar samgöngubætur svo sem almenningsamgöngur og fjölgun hjóla- og göngustíga. Fjármagnid skiptist ca 50/50 á milli þessara tveggja áherslna. Greiðari samgöngur og fjölbreyttari ferðamátar.

Af hverju sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu? Er eitthvert vandamál til staðar? Jú, það eru í grunninn þrjú vandamál sem þarf að leysa. Í fyrsta lagi þá annar gatnakerfið ekki umferð á háannatíma þegar fólk er að fara í og úr vinnu eins og fólk úr Mosfellsbæ þekkir allt of vel. Í öðru lagi er almenningsamgöngukerfið það ófullkomið að það er ekki raunhæfur



valkostur og í þriðja lagi eru hjólastígar annað hvort ekki til eða ekki nothæfir með góðu móti.

En af hverju ekki að nota allt fé í að bæta samgöngur fyrir bíla? Svarið við þessu er að það einfaldlega ekki hægt. Því er spáð að umferð ökutækja, að öllu óbreyttu, muni aukast um 40% á næstu

15 árum. Það gefur því auga leið að það mun ekki vera hægt að anna þeirri aukningu með fjölgun vega þannig að við verðum að beina hluta af umferð annað. Svo er það hreinlega krafa stórs hluta íbúa að boðið sé upp á valkost við einkabílinn.

Fulltrúar Viðreisnar í borgar- og bæjarstjórn um höfuðborgarsvæðisins styðja áform um fjölbreyttari ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu svo að val okkar um hvernig við kjósum að haga okkar ferðum verður meira.

Viðreisn styður líka lagningu Sundabrautar til þess að greiða fyrir umferð á svæðinu og létta á umferð í gegnum Mosfellsbæ.

Valdimar Birgisson

## Friðun Leiruvogs

Töluvert hefur verið fjallað um friðun Leiruvogs, m.a. á samfélagsmiðlum og hér í bærjarblaðinu, sérstaklega í kjölfar stækkunar friðlands við Varmárósa nú á dögum. Það er engin furða, enda um mikilvægt svæði að ræða út frá sjónarmiði náttúruverndar.

Sá hluti Leiruvogs sem fellur innan sveitarfélagamarka Mosfellsbæjar er í raun hluti af stærra heildarsvæði sem nefnist Blikastaðakró-Leiruvogur og liggur á mörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Svæðið afmarkast að vestan við Geldinganes og Gunnunes og nær inn voginn til austurs, þar sem Varmá og Leirvogsá renna til sjávar. Sjávarfítjar, grýttar þangfjörur og víðáttumiklar leirur einkenna svæðið og eru heimkynni fjölmargra smádýra- og fuglategunda. Náttúrufræðistofnun Íslands skilgreinir Blikastaðakró-Leiruvog sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði en mikið fuglalíf er á öllum árstímum og tvær tegundir ná alþjóðlegum verndarviðmiðum; margæs á fartíma og sendlingur að vetri.

Svæðið er jafnframt vinsælt til útivistar og hreyfingar og liggja meðal annars fjölfarnir göngu- og reiðhjólástígar svo og reiðleiðir meðfram ströndinni. Hlíðavöllur Golfklúbbs Mosfellsbæjar liggur svo meðfram stórum hluta svæðisins.

Í tengslum við afstaðna vinnu við stækkun friðlandsins við Varmárósa bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á í sinni umsögn að stofn-



unin „telur Blikastaðakró – Leiruvogur vera mikilvægt alþjóðlegt fuglasvæði sem þörf er að vernda, en Varmárós er aðeins lítil hluti af því svæði. Til að tryggja vernd fugla, vistgerða votlendis, strandlendis og fjöruvistgerða, þarf friðlýsta svæðið að vera mun stærra.“

Reykjavíkurborg hefur samþykkt að undirbúa friðlýsingu þess hluta svæðisins sem tilheyrir borginni.

Á síðasta fundi umhverfisnefndar lagði ég fram tillögu um að Mosfellsbær myndi beita sér fyrir því að friðlýsingin næði yfir allt svæðið þvert á sveitarfélögin, enda vistkerfi ekki bundin sveitarfélagamörkum frekar en fuglar.

Umhverfisstofnun hefur nú beðið Mosfellsbæ um að taka þátt í vinnuhópi um málið og er undirritaður þar einn af þremur fulltrúum bæjarins, ásamt formanni umhverfisnefndar og umhverfisstjóra Mosfellsbæjar. Mikil samstaða er um friðlýsingaráformin innan umhverfisnefndar og það sama virðist vera upp á teningum í bæjarstjórninni, svo ástæða er til bjartsýni.

Vinir Mosfellsbæjar munu að minnsta kosti leggja sitt af mörkum til að þessu dýrmæta svæði verði tryggt viðeigandi vernd svo komandi kynslóðir, bæði dýra og manna, geti notið þess.

Michele Rebora  
Aðalmaður Vina Mosfellsbæjar í umhverfisnefnd

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

### FÓTA AÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

### BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR




Flugumýri 2 - Sími 566-6216

### GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



### GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



### FAGVERK

### MÓTANDI

www.motandi.is



## HEILSUMOLAR GAUA



### STERKAR KONUR

**M**ér finnst vænlegast til árangurs að breyta hlutum með því að vinna að umbótum með mismunandi leiðum. Þannig geta fleiri nýtt styrkleika sína og tekið þátt í umbótunum. Heilbrigðiskerfið er gott dæmi. Tækninýjungar, framfarir í læknávisindum og betra skipulag í þjónustunni eru nokkur dæmi um hvernig við getum gert kerfið okkar betra. Skipulagið við bólusetningararnar í Laugardalshöllinni er mjög gott dæmi um hverju er hægt að áorka með þaulhugsuðu skipulagi.

**E**n við getum líka bætt heilbrigðiskerfið með því að passa betur upp á okkar eigin heilsu. Því heilsuhraustari sem við erum, því minni þörf höfum við fyrir þjónustuna og því minna verður álagið á kerfið. Þarna finnst mér ég geta gert gagn og reyni því að einbeita mér að því að efla heilsu þeirra sem eru í kringum mig.

**M**etoo bylgjan sem fór á stað í síðustu viku hefur haft sterk áhrif á mig. Mér finnst erfitt að lesa allar frásagnirnar og finn til með þeim konum sem stíga fram og segja sína sögu. Ég hélt við værum komin lengra í þessu ferli sem samfélag. Mér finnst mikilvægt að við tökum öll þátt í að breyta þessu og eins og með heilbrigðiskerfið, reynum að finna hvar og hvernig við getum gert mest gagn. Nýtt okkar styrkleika, þælt í því „hvað ég get gert“ og svo látið verkin tala.

**F**yrrir utan að gera mitt besta til að reyna að vera góð fyrirmynd fyrir syni mína, finnst mér ég gera mest gagn á þessu sviði með því að halda áfram að byggja upp hópa þar sem konur og karlar æfa saman. Í okkar litla styrktaræfingaklúbbi er kona yfirþjálfari og þjálfaralistinn telur svipað margar konur og karla. Líklega fleiri konur í dag. Í æfingahópnum eru bæði konur og karlar, langflestir tímar eru kynjablandaðir. Útkoman – gagnkvæm virðing, jákvæð samskipti, sterkar konur og karlar.

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

Sími: 586 8080

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



### Tinna Líf keppti í Söngkeppni Samfés


Eins og tíðkast hefur var Söngkeppni Samfés haldin núna 9. maí og sendi Bólið auðvitað frá sér stórkostlegt atriði eins og svo oft áður. Tinna Líf Óladóttir fór fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Ból en hún er í 10. bekk Varmárskóla. Tinna hóf ferlið á því að sigra sannfærandi í undankeppni Kragans og fór því í úrslitin sem haldin voru á Akranesi í ár. Tinna flutti lagið Lost Without You sem er eftir söngkonuna Freyju Ridings og má segja að hún hafi gert lagið að sínu eigin. „Við í Bólinu erum að springa úr stolti og vitum að þessi unga dama á svo sannarlega framtíðina fyrir sér.“


LEIKFÉLAG MOSFELLSSVEITAR KYNIR:

# Leikgleði í Bæjarleikhúsinu

SKRÁNING Á SUMARNAMSKEIÐIN  
HAFIN Á [WWW.LEIKGLEDI.IS](http://WWW.LEIKGLEDI.IS)



 **Pórunn Ósk Þórarinsdóttir**  
Í morgunhlaupi dagsins mætti ég manni með hund. Maðurinn lætur hundinn leggjast og segir: „Hann á það til að hlaupa í veg fyrir fólk svo þetta er betra svona...“  
Ég beini mér að hundinum of segi: „Jeminn, ertu svona sætur og duglegur <3“  
Maðurinn segir þá: „Ha, nei ég hef alltaf verið talinn bölváður skíthæll...“  
Ég: „jæja, það er allt í lagi, þú ert ekki einn um það :)“  
4. maí

 **Hilmar Kr Friðþjófsson**  
Nýtt okkur auglýsinga herferð 5G fyrir ferðamenn! 5G í náttúru Íslands Gullfoss Geysir Gjá (Almannagjá) Gígur (Þríhnjúkagígur) Gos (Eldgos)  
Þetta er ávísun á eftirminnilegan dag fyrir ferðamann!  
P.s Tek aðeins 1% umbodsgjald fyrir hugmyndina og mun það renna að hluta til Átrv :)  
24. apríl

 **Palli Lindal**  
Heyrst hefur að Pallaball sé aftur komið á dagskrá 22.05.21 hafið þið heyrt um það?  
Heilbrigðisráðherra finnst mikilvægt fólk getið stundað heilbrigða hreyfingu eftir Palla Open- styrktarmót fyrir Hlaðgerðarkot&Sumarbúðunum í Rey og Pallahjól - hjólað til styrktar Hlaðgerðarkoti og sumarbúðunum í Reykjadal.  
7. maí

 **Helena Kristinsdóttir**  
Er einhver sem ég þekki, EKKI búinn að sitja á Sky lagoon og sötra fokking kampavín sí daga ??  
Sá hinn sami má hafa samband við mig og við getum stofnað enn einn minnihlutahópinn!!  
5. maí

 **Íris Hólm Jónsdóttir**  
Tökum dæmi: Kona í tónlist fær símtal. Henni er boðið gígg. Í hópnum er gerandi vinkonu hennar. Hvað að konan að gera?  
5. maí

facebook

## BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.  
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.  
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!  
7799760 Sumarliði / Gísli 7799761

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING  
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:  
581 3300 & 896 8242  
www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.



ICELAND

BE HAPPY  
Stúdíó

ÞVERHOLT 2  
8623782

Tek að mér allskyns sauma verkefni.  
Fataviðgerðir, breytingar o.fl.

Alla virka daga 9:00 - 18:00

## Viltu selja?

Hafðu samband  
Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

Sími:  
586 8080  
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar · Þverholti 2 · S. 586 8080 · www.fastmos.is



Þú finnur öll blöðin á netinu  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



## KIRKJULAND



Við framleiðum mjög vandaða krossa á leiði með merkingu.

Hafið samband í síma 895 7745.  
Sendum um allt land.

Allar uppl. og myndir [www.skiltiogmerkingar.is](http://www.skiltiogmerkingar.is)



## ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200


[www.artpro.is](http://www.artpro.is)



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  554 2510  
[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

SJÓVA



## Öll almenn vörubíla- og kranþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042



## AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - [www.aftak.is](http://www.aftak.is)

## VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279



## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



## HEYST HEFUR...

...að nýtt nafn sé komið á eldri deild Varmáskóla sem mun heita Kvíslarskóli.

...að nýja nafnið fái misjafnar undirtektir á samfélagsmiðlum.

...að Svanni Einars sé búinn að kaupa Fasteignasölu Mosfellsbæjar af Einar Páli og Hildi.

...að Nettó ætli að opna í Sunnukrika föstudaginn 4. júní.

...að Elli Nielsar sé að hætta með karlaprek UMFUS.

...að það sé komin glæný plastpressa í Sorpu.

...að Lyfja sé búin að kaupa Apótek Mos og samkeppniseftirlit bóúð að samþykka.

...að það sé komin betri stofa á Blik með huggulegheitum í hlíðarsal.

...að KALEO sé orðin aðalstyrktaraðili meistaraflokkskara í fótbolta og verði merki hljómsveitarinnar á treyjunum.

...að tónlistarmaðurinn Ed Sheeran sé að feta í sömu fótspor með Ipswich.

...að Pizzan, sem ætlar að opna við hlið Krónunnar, ætli að vera með ísbúð á staðnum líka.

...að Geiri í Kjötubúðinni ætli að opna í Sunnukrikanum í næstu viku.

...að Mosfellingurinn Jason Daði hafi skorað tvö mörk fyrir Blika í fyrsta leik.

...að Sigga Dögg sé orðin formaður Blaðamannafélags Íslands.

...að Lína Laxdal verði fimmtug um helgina.

...að Aftureldingu sé spáð falli í Lengjudeild karla í sumar.

...að Listapúkinn hafi verið að útskrifast úr Listaskólanum.

...að Óli á Ökrum eigi afmæli í dag.

...að Þrándur sé nýkominn úr stúdíói með nýtt Aftureldingarlag.

...að verið sé að fara opna útibú frá Barion á Laugarvatni.

...að slökkviliðið hafi verið kallað til vegna sinubruna í Ævintýragarðinum.

...að Ístex hafi ekki undan að framleiða lopa fyrir þrjónapyrsta í faraldrinum.

...að bóúð sé að rífa allt út úr Hlégarði sem er nú í mikilli yfirhalingu.

...að mikið sé þælt í því þessa dagana hvað sé hægt að gera í Kjarnanum til að glæða hann lífi.

...að Helga Möller, sem flutt er í Mosó, hafi átt afmæli í gær.


...að bóúð sé að stofna nýja stuðningsmannasveit í kringum fótboltann í sumar en Riddarsveitin kom sterk inn á fyrsta heimaleik.

...að Lalli Ljóshraði sé byrjaður að mála.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Alexander Geir Sigurðsson fæddist 12. nóvember 2020 í Reykjavík. Foreldrar Sigurður Karl Ottósson og Kolbrún Ósk Svansdóttir.



Eyþór Tindur Elísabetarson fæddist 28. maí 2020. Hann var 4.250 gr og 53 cm. Foreldrar eru Elísabet Björk Guðnadóttir og Ingimar Páll Róbertsson.



DAVIÐ, ÓSK OG RAGNHEIÐUR Á ÁSLAKI

## Ósk Aradóttir heiðruð Bæjarróni ársins

Róni ársins 2020 var krýndur á Ásláki þann 19. mars en það er Bæjarrónafélag Mosfellsbæjar sem stendur fyrir kjörinu. Valið fór fram í nóvember en var ekki tilkynnt fyrr en nú vegna samkomutakmarkanna.

Fyrir valinu varð Ósk Aradóttir en afhendingin fór fram með virðingu og var hrossakjöt borið fram.

Þetta er í 15. sinn sem valið fer fram en gefandi bikarsins er Ragnheiður Ríkhardsdóttir sem sjá má á myndinni ásamt Davíð B. Sigurðssyni forseta félagsins. Þau færðu Ósk farandbikarinn góða við dynjandi lófatak.

## Í eldhúsinu

HJÁ HRAFNHILDI OG ÞÓR

### Guðdómleg súpa

Hrafnhildur Gísladóttir og Þór Gísla deila hér með okkur gírnilegri uppskrift, eða öllu heldur til að styðjast við en ekki endilega til að fara eftir. Það á jafnt við um þrjónaskap og mat! Hrafnhildur er lítið fyrir að leggja á minnið hvað og hversu mikið af því hún notaði í réttinn. En hún er rosalega flink að gera súpur og var þessi alveg guðdómleg.

#### Innihald:

- Klipa af smjöri (gæti verið um 1 matskeið)
- 1 sæt kartafli (svona meðalstór - ekki þessar litlu aumingjalegu)
- 2x full krukka af vatni
- 1 krukka Satay sósa (Blue Dragon)
- 2 kjúklingateningar (grænmetisætur gætu notað grænmetis tening)
- Salt
- 1/2 dós Philadelphia rjómaostur

#### Aðferð:

- Sjóða
- Mauka með töfrasprota



#### Bæta við:

- 1 dós kókosmjólk
  - 1 KÚFUÐ teskeið gróft hnetusmjör
  - Safi úr 1/2 lime
  - Blanda vel saman
  - Fetaostur, tómatar og kóríander saxað niður og bætt við í lokin.
  - Smá tabasco (mikið fyrir þá sem vilja hita í þetta :))
- Njóta, kannski með góðu brauði  
Verði ykkur að góðu!

Hrafnhildur og Þór skora á Guðrúnu Helgu og Jóa Ben að deila næstu uppskrift

## GRAFFITI

Þegar þú leitar að beinni þýðingu á orðinu „graffiti“ á netinu eða orðabók finnur þú íslenska orðið veggjakrot sem mér finnst ekki vera rétt orð yfir þessa list. Ég veit ekki hvernig umræðan er úti í samfélaginu um veggjakrot, ef maður notar það orð, en mér finnst alveg mega opna á þá umræðu.

Mér finnst þetta hafa verið áberandi þegar maður var í grunnskóla að maður tók eftir flottum verkum hér og þar um bæinn þar sem ungir áhugamenn um þessa list skreyttu vegg með sinni list. Það er eitthvað sem ég hefði viljað demba mér meira út í á sínum tíma, ekki bara veggjakrot, því það er eitthvað sem er gert í skjóli nætur þegar enginn sér til, heldur því hversu góður grunnur þetta er í þælingum um myndlist. Ég er í dag mikill áhugamaður um góða myndlist og vildi óska þess að ég hefði haft einhvern grunn í því að hafa byrjað ungur að graffa því ég myndi segja að þar væri upphafið að þælingum um myndlist sem þú býrð að alla ævi. Ég ætla ekki með þessari umræðu að hvetja krakka að fara skreyta vegg bæjarinnar með einhverju sem þeir kalla list sína en er krot í augum annarra, en bara spáíð aðeins í þessu.

Ég labbaði í skólann í gegnum undirgöngin hjá gamla FMOS í 10 ár og á hverjum degi blasti við mér eitthvað nýtt í undirgöngunum, margt virkilega fagmannlega og vel gert og svo þetta týpíska veggjakrot sem mér finnst að sé meiri athyglissýki frekar en list. Ég man vel eftir einum morgni þegar ég var að labba í skólann, þá var einhver snillingur búinn að breyta undirgöngunum í heilt listaverk sem hafðist tekist svo vel að ég starði svo lengi á það að ég mætti of seint í skólann. Eftir skóla þegar ég ætlaði að sýna félögum verkið var einhver búin að gera lélegt tagg inn á mitt verkið sem hafði sennilega tekið alla nóttina að gera og það finnst mér bara vera skemmdarverk. Mér finnst eiga að bera virðingu fyrir þessu, ef þig langar prufa þig áfram mæli ég með að kaupa þér einfaldlega striga og byrja að setja eitthvað saman á hann eða fá leyfi foreldrana til að skreyta vegginn í herberginu þínu. Ef þú ert góður/góð í þessu þá er fólk sem borgar áhugalistamönnum fyrir að gera flott verk í herbergi barna sinna og síðan er þetta líka bara frábær æfing fyrir eitthvað meira í framtíðinni.

Veggjakrot þarf ekki að vera neikvætt þótt þeir eldri tali um þetta sem algjört krot. Það er alveg hægt að kaupa sér brúsa og vera vel undirbúinn með fallega list en þá þarf líka að leggja smá metnað í þetta svo fólk fái aðra ímynd af þessu en að sjá þetta bara sem krot. Í guðanna bænum ekki fara að spreya einhvers staðar þar sem þú átt ekki að vera að spreya, þá verð ég hengdur fyrir að opna á þessa umræðu.




BRAGI THOR

Mosfellsbakari.is  
Háholt 13-15  
Háaleitisbraut 58-60





# SMÁ AUGLÝSINGAR



**Kötturinn Óðinn týndur**  
Þetta er hann Óðinn, 2 ára frekar stór högni, geldur og örmerktur. Hann fór að heiman frá Borgartanga þann 4. mars og hefur ekki sést síðan. Hann var með dökka ól um hálsinn með segli á. Óðinn er alsvartur, engin hvít hár eða blettir. Ef einhver gæti hafa séð hann, vinsamlegast látið vita í síma 820-9815 Guðný



**Nudd**  
Bjódum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilm kjarnaolíu fyrir proseager. Pantíð tíma í síma: 8227750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar eru friar fyrir einstaklinga**  
mosfellingur@mosfellingur.is

**ÞÚ GETUR  
AUGLÝST  
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**  
mosfellingur@mosfellingur.is



**NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT  
3. JÚNÍ**

Bláðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

## GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
**HEILSUEFLING  
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



## MALBIKSTÖÐIN



**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA  
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

www.arioddsson.is

## MG Lögmenn ehf.

Öll almenn lögfræðisþjónusta

Innheimtur

Sala fasteigna

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



## Bilapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is

Tek að mér  
alla krana- og  
krabbavinnu

Útvega allt  
jarðefni

**VÖRUBÍLL Þ.B.**

Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



BÍLAVIDGERÐIR  
**BÍLHÚSIÐ**

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.

Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



## ÖKUKENNSLA HREIÐARS

8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

# FJLS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON  
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

S: 6959922

FHSVERK@GMAIL.COM



## B. Markan ehf.

### Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is

## OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 21:30

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21:00

Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00






# SPURNING TIL BÆJARBUA

Ætlar þú að ferðast eitthvað í sumar?



**GERÐA:** Ég ætla að anda að mér fersku fjallalofti fyrir Austan.



**NEDA:** Ég elska að sofa í tjaldi og mun klárlega ferðast mikið í sumar.



**VILBORG:** Ég er spenntust fyrir bæjarhátíðinni í túninu heima.



**LAURA:** Jú, er það ekki eina vitið?



**ELLERT:** Það er mikill ferðahugur í mér. Þetta verður gott sumar.



**KAREN:** Það verður ekkert fararsnið á mér.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfelllingur@mosfelllingur.is



Gömlu kempurnar með comeback



Dagmar og Sóley með Kling



Saman í liði



Vinaklúbburinn



1944 - fyrir sjálfstæða Íslendinga



Lundarnir í Eyjum



Þetta sumar á stöðinni



Enduro fyrir alla



U-LIÐ AFTURELDINGAR

ER KOMIÐ UPP Í GRILL 66 DEILDINA



Fagradalssystur



Riddarasveitin mætt á pallana



## NÚ GETUR ÞÚ KOMIÐ Í LITUN SEM TEKUR AÐEINS 9 MÍNÚTUR

Liturinn hentar aðallega í rót og fyrir þá sem vilja 100% lit. Fallegur glans, hylur 100% grátt hár og þarf aðeins 9 mínútur í bið. Þú getur pantað tíma á netinu eða í gegnum NOONA appið.

Sprey hárstofa óskar öllum gleðilegs sumars.




Sími 5176677 og á noona.is/sprey



**Prentun  
Gluggamerkingar  
Bílamerkingar  
Skilti  
Límmiðar  
Sandblástursfilmur**

**eru mjög oft notaðar til þess að merkja  
útidyrhurðir, glugga í þvottahúsi og bílskúr.**



**MERKISTOFAN**

✉ [merkistofan@merkistofan.is](mailto:merkistofan@merkistofan.is)  
☎ 586 2810

# ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur  
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.



[www.allt.is](http://www.allt.is) Sími 560 5500





## NÝJU NAFNI FAGNAÐ

Eldri deild Varmárskóla mun framvegis heita Kvíslarskóli en nafnasamkeppni fór fram á dögnum. Sjö tillögur um nafnið Kvíslarskóli fengu viðurkenningu og komu frá 7. GÁS, 10. KÁ, Ragnheiði Rikharðs, Óðni Pétri, Einari Jóhannessyni, Jóhönnu Magnúsdóttur og Krista Glan.

Myndir/Hilmar

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Múlalundur  
Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ  
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS  
við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Davíð Ólafsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
896-4732

Þjónusta við  
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð  
**588 55 30**



### Sunnukriki



Glæsilegt húsnæði til leigu á frábærum útsýnisstað í Krikkahverfi. 110 fm til 500 fm eftir aðstæðum. Næg bílastæði. Glæsileg eign með góða staðsetningu.

### Bjarkarholt



Til leigu. Mjög falleg 60 fm íbúð á 3. hæð í nýju lyftuhúsi við Bjarkarholt. Íbúðin er fullbúin, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Vönduð gólfefni og innréttingar. Svalir snúa í suður. Laus strax.

### Blíðubakki-hestamiðstöð



Vel staðsett 900 fm hestamiðstöð efst í hesthúshverfi Mosfellsbæjar. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar o.fl. Séríbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstaða fyrir hestafólk, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stór hlaða og tæki. Góð gerði og bílastæði.

### Litlikriki



Glæsilegt 437 fm einbýli með þremur aukaíbúðum á neðri hæð. Vel byggt hús á vinsælum stað. Fallegt útsýni til Esjunnar. Vandaðar innréttingar. Hiti í gólfum. Eikarparket og flísar á gólfum. Íbúðirnar á neðri hæð eru allar með sérinnngangi. Húsið er byggt af eiganda þess.